

Álit
nefndar um símenntun

SÍMENNTUN

afl á nýrri öld

Menntamálaráðuneytið
Maí 1998

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	3
INNGANGUR	6
1. STAÐA SÍMENNTUNAR Á ÍSLANDI	9
1.1 Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins.....	9
1.2 Skólakerfið og símenntun	10
1.3 Fræðsluaðilar og framboð náms.....	12
1.4 Þátttakendur í símenntun	14
1.5 Stærð fyrirtækja og símenntun	18
1.6 Kostnaður.....	19
2. TILLÖGUR AÐ STEFNU STJÓRNVALDA OG FIMM ÁRA ÁTAKI	22
3. SÍMENNTUN - AFL Á NÝRRI ÖLD	28
ALMENNAR TILLÖGUR TIL AÐ AUKA SÍMENNTUN	
3.1 Að læra allt lífið	28
3.2 Ábyrgðin á símenntun er allra.....	29
3.3 Góð almenn menntun er forsenda símenntunar	32
3.4 Öflug fullorðinsfræðsla í skólum - annað tækifæri.....	34
3.5 Símenntun sem sóknarfæri starfsfólks og fyrirtækja	36
3.6 Fjölbreytt námsframboð tryggir val í símenntun	40
3.7 Aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf	42
3.8 Ný tækifæri fyrir tilstilli nýrrar tækni.....	44
HEIMILDIR	46
NOTKUN HUGTAKA	49
VIÐAUKI	51

SAMANTEKT

Tillögur til að auka og bæta símenntun í íslensku samfélagi

- **Ný viðhorf til menntunar**

Nám er æviverk sem lýkur ekki þegar hefðbundinni skólagöngu lýkur, heldur er ferli sem varir allt lífið. Mikilvægt er að leggja áherslu á þetta viðhorf í skólum landsins, auk þess sem aðilar vinnumarkaðarins geta miðlað slíku viðhorfi til vinnustaða og starfsfólks.

- **Ábyrgðin er allra**

Það varðar alla að efla símenntun og þar bera allir ábyrgð – stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingarnir sjálfir. Meginreglan í símenntun skal vera sú að þeir sem hennar njóta greiða fyrir hana. Hagsmunir ólíkra aðila fara þó oft en ekki saman og skal þá hugað að sameiginlegri ábyrgð.

- **Skýrt hlutverk stjórnvalda**

Yfirumsjón símenntunar skal vera hjá menntamálaráðuneyti, þó að önnur ráðuneyti hafi áfram umsjón með þeirri símenntun sem undir þau heyrir. Ábyrgð stjórnvalda í símenntun felst að stærstum hluta í að tryggja góða undirstöðumenntun. Annar stuðningur stjórnvalda ætti einkum að miða að því að styðja við þá sem síst sækja símenntun.

- **Fimm ára áttak til að efla símenntun**

Næstu fimm árin leggi stjórnvöld sérstaka áherslu á að auka símenntun með áttaki sem miðar að því að auka framboð, eftirspurn og gæði símenntunar.

- **Sameiginlegar áherslur aðila vinnumarkaðarins**

Mikilvægt er að aðilar vinnumarkaðarins móti sameiginlegar áherslur í málefnum símenntunar og semji um réttindi og skyldur starfsfólks til að sækja menntun og þjálfun. Með sameiginlegu áttaki þessara aðila má búast við að hæfni og þekking á vinnumarkaði aukist og símenntun nái þar frekari fótfestu.

- **Frumkvæði fyrirtækja og stofnana**

Fjárfesting í menntun mun á komandi árum hafa jafn mikil áhrif á afkomu og samkeppnishæfni fyrirtækja og fjárfesting þeirra í tækjum og nýrri tækni. Breytingar á vinnumarkaði krefjast aukinnar áherslu á símenntun og mikilvægt er að íslensk fyrirtæki taki frumkvæði í þeirri þróun og tryggi þannig að hún nýtist atvinnulífinu sem best.

- **Aukin ábyrgð einstaklinga**

Með breytingum á menntakerfi og vinnumarkaði eykst ábyrgð einstaklinga á eigin menntun. Aukning hlutastarfa, tímabundinna eða verkefnabundinna ráðninga, fleiri einyrkjar og færri störf sem ekki krefjast sérmenntunar, svo og nútímataekni gerir það að verkum að vinnuafli er mun hreyfanlegri en áður. Þetta felur í sér ný tækifæri fyrir einstaklinga og lykillinn að því að nýta sér þessa þróun er fölginn í stöðugri menntun og þjálfun.

- **Annað tækifæri til náms**

Fullorðnum þarf að standa til boða annað tækifæri til að hefja nám að nýju eða bæta við fyrri menntun. Opín samræmd próf gætu auðveldað þeim sem ekki hafa lokið slíku námi aðgengi að frekari menntun. Öldungadeildir framhaldsskóla og háskólar þurfa að taka frekar mið af kröfum símenntunar og þörfum fullorðinna.

- **Bætt aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf**

Gott aðgengi að upplýsingum og vönduð ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja eru nauðsynlegar forsendur þess að símenntun aukist. Upplýsingar um símenntun þurfa að vera til staðar og mikilvægt er að hægt sé að nálgast slíkar upplýsingar á aðgengilegan hátt. Slíkt gerir alla ráðgjöf markvissari og auðveldar fyrirtækjum og einstaklingum að gera áætlanir um símenntun.

- **Fjölbreytt námsframboð**

Fjölbreytt framboð á símenntun, bæði innan skólakerfisins og á almennum markaði, þarf að vera til staðar til að sem flestir geti fundið sér námsfarveg við hæfi. Þetta er mikilvægt bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Ef rétt er á málum haldið getur öflug atvinnugrein, sem byggir á miðlun þekkingar og þjálfunar, þróast hér á landi.

- **Samstarf atvinnulífs og skóla**

Nauðsynlegt er að menntun í skólakerfinu mæti þeim kröfum sem gerðar eru til starfsfólks á vinnumarkaði. Því þarf samráð og samstarf á milli skóla og atvinnulífs um áherslur í símenntun. Slíkt samstarf er báðum aðilum til hagsbóta, þar sem góð menntun skilar sér í hæfara starfsfólki á vinnumarkaði og betri nýting á þekkingu atvinnulífsins getur stuðlað að markvissari menntun.

- **Frá námskeiðum til sjálfsnáms**

Nútíma námskröfur kalla á breytingar á því námsfyrirkomulagi sem ríkjandi hefur verið. Áherslan verður á sérhæfðari leiðir í símenntun, þar sem neytandinn mótar námið í auknum mæli að eigin óskum og þörfum. Sjálfsnám og fjarnám munu bætast við hefðbundin námskeið, sem skapar einstaklingum og fyrirtækjum ný tækifæri til símenntunar.

- **Betri forsendur til símenntunaráætlana**

Einstaklingar og fyrirtæki munu í auknum mæli gera eigin símenntunaráætlanir fyrir framtíðina. Slíkar áætlanir eru í anda símenntunar, þar sem nám er sótt víða og á löngum tíma. Árangursríkt er að lítil og meðalstór fyrirtæki sameinist um fræðslustarf og byggi þannig upp tengslanet sín á milli og innan ákveðinna atvinnugreina.

- **Kröfur um gæði**

Mat á gæðum á að vera sjálfsagt í fræðslustarfi. Í símenntun þarf að tryggja lágmarks neytendavernd. Þetta er best gert á almennum markaði og í samstarfi við þá aðila sem helst koma að símenntun, enda gæti opinbert eftirlit dregið úr frumkvæði og hindrað framfarir og nýjungar.

- **Nýting upplýsingatækni**

Með tilkomu upplýsingatækni opnast ný tækifæri í símenntun. Aðgengi að upplýsingum batnar, boðskipti verða auðveldari og leiðir í sjálfsnámi og fjarnámi verða fleiri. Þessa tækni þarf að nýta til fulls til að efla símenntun hér á landi, en til að slíkt sé mögulegt þarf að efla tölvulæsi þeirra sem síst geta nýtt sér þessa tækni.

INNGANGUR

Á undanförunum árum hefur hugtakið símenntun (lifelong learning) orðið stöðugt fyrirferðarmeira í umræðum um menntamál. Í þessari skýrslu vísar hugtakið símenntun til menntunar sem æviverks. Einstaklingur aflar sér þekkingar og færni á yngri árum og sækir nám innan skólakerfisins í grunn-, framhalds- og háskóla. Hann getur gert þetta í einni samfellu eða með hléum, stundað vinnu, farið í nám á ný eða sótt nám jafnhliða starfi. Stór þáttur í símenntun er hvers konar endurmenntun í styttra eða lengra námi, margs konar viðbótarmenntun og tómsundanám.

Símenntun felur þannig í sér nýtt viðhorf til menntunar, þar sem einstaklingar miða ekki lengur við að ljúka námi í eitt skipti fyrir öll heldur gera ráð fyrir því að menntun sé ferli sem vari allt lífið – frá vöggu til grafar. Símenntun vísar öðru fremur til þessa nýja veruleika og breytir þannig fyrri skilningi okkar á mikilvægi menntunar og felur í sér nýjar leiðir til stöðugar endurnýjunar fyrri þekkingar og öflun nýrrar. Þessari nýju sýn á menntun var lýst svo af alþjóðlegri nefnd UNESCO um menntun á 21. öldinni:

„Í þessari framtíðarsýn er ekki rúm fyrir hefðbundin svör við menntunarkröfum, þ.e. svör sem lúta fyrst og fremst að magni og þekkingarsöfnun. Það nægir ekki að búa hvert barn snemma á ævinni út með þekkingarforða sem það getur síðan nærst á upp frá því. Gera verður hvern og einn færna um að nýta tækifæri til símenntunar, bæði til að styrkja þekkingu sína, færni og viðhorf til að aðlaga sig að breytilegum og flóknum heimi þar sem allt er öðru háð.“ (UNESCO, 1996: 1).

Miklar breytingar hafa orðið á undanförunum áratugum, sem tengjast m.a. alþjóðavæðingu efnahagslífsins, þróun í vísindum og tækni, breyttri aldursdreifingu mannfjöldans, auknum hreyfanleika vinnuafls og nýjum tækifærum sem felast í upplýsinga- og þekkingarþjóðfélaginu. Vegna þessa er stöðug endurnýjun þekkingar og þjálfunar nauðsynleg hverjum þeim sem tryggja vill stöðu sína í nútíma samfélagi. Þetta á jafnt við um einstaklinga, vinnustaði og samfélög. Ætla má að einstaklingar með meiri menntun fái aukin tækifæri til betur launaðra starfa og eigi síður við atvinnuleysi að stríða; vinnustaðir sem sinna símenntun starfsfólks og stjórnenda séu samkeppnishæfari og samfélög sem leggja áherslu á góða menntun skapi betri lífsskilyrði og hagsæld.

Athugun Hagfræðistofnunar (1997) bendir til að hækki meðalskólaganga vinnuafls um 1% leiði það að öllum líkindum til 0,3% hagvaxtar á tilteknu ári að öllu óbreyttu. Bandarískar rannsóknir benda til að aukist menntun starfsfólks á vinnustað um 10% þá eykst ekki aðeins framleiðni þess heldur getur framleiðni náins samstarfsfólks aukist um allt að 3-4%. Að auki hafa nýlegar athuganir OECD bent til að á sama tíma og fólki á vinnumarkaði fjölgi um aðeins 2% á ári eykst þörfin fyrir þekkingu þess margfalt hraðar eða um 7%, sem sýnir mikilvægi þess að einstaklingar auki stöðugt við þekkingu sína og þjálfun (Soete, 1997). Vegna þessa er símenntun afl sem tryggt getur aukinn hag einstaklinga, fyrirtækja og samfélaga.

Menntamálaráðherra skipaði nefnd um símenntun 7. apríl 1997. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar er hlutverk hennar að leggja drög að heildarstefnu í málefnum símenntunar, sem taki m.a. til eftirtalinna atriða:

1. Skilgreiningu á ábyrgð, hlutverkum og verkaskiptingu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.
2. Hvernig samhæfa megi krafta hinna ýmsu aðila í samfélaginu til að fjármagn, kennslukraftar, námsgögn og aðstaða nýtist sem best.
3. Hvernig byggja skuli upp faglegt og fjárhagslegt stoðkerfi í íslensku atvinnulífi til að aðstoða fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór, við að meta þarfir sínar fyrir þekkingu og hæfni starfsmanna, byggja upp námsframboð við hæfi og tryggja aðgengi að símenntun.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 17. apríl 1997. Fram á vorið hittist nefndin á tveggja vikna fresti, en þá var nefndinni skipt upp í tvo vinnuhópa sem unnu fram á haust. Annar hópurinn fjallaði um starfstengda símenntun, en hinn hópurinn um almenna símenntun. Þann 19. ágúst kom nefndin á ný saman í heild sinni og lögðu þá báðir vinnuhópar fram tillögur sínar að frekara starfi nefndarinnar. Frá sl. hausti hefur nefndin haldið fundi að jafnaði einu sinni í viku, í eina og hálf klukkustund í senn. Hlé var gert á nefndarstarfinu 18. desember til 19. janúar, þegar fyrir lágu fyrstu drög að skýrslu nefndarinnar. Alls voru haldnir 36 fundir.

Skýrsla nefndarinnar sem hér liggur fyrir skiptist í þrjá meginkafla, auk inngangs. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir núverandi stöðu símenntunar á Íslandi. Í öðrum kafla eru settar fram tillögur nefndarinnar að stefnu stjórnvalda í símenntun, auk þess sem lýst er tillögu nefndarinnar um fimm ára áttak til að efla símenntun. Í þriðja og síðasta kafla eru settar fram almennar tillögur nefndarinnar til að efla símenntun. Þeim er skipt í átta undirkafla.

Nefnd um símenntun var skipuð eftirtöldum aðilum:

Hanna Birna Kristjánsdóttir, stjórn málafræðingur, formaður.

Ásta Þórarinsdóttir, hagfræðingur hjá Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, fulltrúi fjármálaráðuneytis.

Elna Katrín Jónsdóttir, formaður HÍK, fulltrúi Bandalags háskólamanna.

Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri Reykjavíkur, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Guðni Níels Aðalsteinsson, hagfræðingur, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands. Jónína Gissurardóttir tók sæti hans 14. október 1997.

Guðný Helgadóttir, deildarstjóri, fulltrúi menntamálaráðuneytisins.

Guðrún Eyjólfsdóttir, sérfræðingur, fulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins.

Gylfi Kristinsson, deildarstjóri, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins.

Hákon Sigurgrímsson, deildarstjóri, fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins.

Ingi Bogi Bogason, fulltrúi fræðslumála og almannatengsla hjá Samtökum iðnaðarins, fulltrúi Samtaka iðnaðarins.

Jóhann Geirdal, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja, fulltrúi Alþýðusambands Íslands.

Jón Júlíusson, formaður Starfsmannafélags Kópavogs, fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Jón Sigurðsson, framkvæmdarstjóri, fulltrúi Vinnumálasambandsins.

Starfsmaður nefndarinnar var Jóhanna Rósa Arnardóttir félagsfræðingur og sérfræðingur hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

1. STAÐA SÍMENNTUNAR Á ÍSLANDI

Staða símenntunar er hér metin út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum um símenntun og þeim athugunum sem gerðar hafa verið á símenntun hér á landi undanfarin ár. Einnig hefur upplýsingum verið safnað saman með beinum athugunum eða með úrvinnslu úr niðurstöðum annarra athugana. Rétt er að geta þess að skortur á slíkum upplýsingum hamlar nokkuð samantekt af þessu tagi. Engin heildarúttekt hefur verið gerð á stöðu símenntunar hér á landi, auk þess sem fáar athuganir hafa verið gerðar á framboði símenntunar eða eftirspurn eftir henni hjá fyrirtækjum eða einstaklingum.

1.1 Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins

Símenntun sem málaflokkur heyrir ekki undir eitt ákveðið ráðuneyti. Ráðuneyti menntamála fer með yfirumsjón menntamála. Starfsmenntun í atvinnulífinu heyrir undir félagsmálaráðuneyti, starfsfræðsla í fiskvinnslu undir sjávarútvegsráðuneyti samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífi nr. 19/1992 og búnaðarmenntun heyrir undir landbúnaðarráðuneyti. Önnur ráðuneyti koma að símenntun í sínum málaflokkum, ýmist með endurmenntun starfsfólks eða í gegnum þær stofnanir sem undir þau heyra. Þetta eru dómsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn opinbera menntakerfisins og almennrar fullorðinsfræðslu. Ráðuneyti menntamála fer með umsjón öldungadeilda skv. lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996, auk þess sem þar er ákveðið hvaða annað nám skuli metið til námseininga í almenna skólakerfinu. Starfstengd símenntun heyrir undir menntamálaráðuneytið að því er varðar starfsnám á framhaldsskólastigi og starfstengd símenntunarnámskeið sem framhaldsskólar eða háskólar standa fyrir. Rekstur grunnskólanna hefur verið færður til sveitarfélaga, en menntamálaráðherra gefur út aðalnámskrá grunnskóla, reglugerðir um skólustarf og viðmiðunarstundaskrá um skiptingu tíma á námsgreinum og ber ábyrgð á útgáfu námsgagna og framkvæmd samræmdra prófa.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279/1997 er framhaldsskólum heimilt að fengnu samþykki menntamálaráðherra að skipuleggja endurmenntunarnámskeið eða annars konar námskeið í samstarfi við faggreina- eða stéttarfélag, atvinnurekendur eða aðra hagsmunaaða áhugahópa. Halda skal kostnaði vegna slíks náms aðgreindum frá öðrum rekstri skóla og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er standa að náminu með skólanum eða með þátttökugjöldum. Samkvæmt lögum er skólunum einnig heimilt með samþykki menntamálaráðherra að stofna fullorðinsfræðslumiðstöðvar í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmunaaða áhugahópa. Þessum miðstöðvum er ætlað að skipuleggja og reka fræðslu- og

kynningarstarf fyrir fullorðna. Ein fullorðinsfræðslumiðstöð hefur verið stofnuð, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Fjárhagslegur stuðningur stjórnvalda við símenntun á vinnumarkaði hefur að mestu mótast af lögum um starfsmenntun í atvinnulífínu frá árinu 1992. Hlutverk stjórnvalda skv. þeim lögum er m.a. að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífínu, styðja við skipulagða starfsmenntun, undirbúning, náms- og kennslugagnagerð, kennslu og starfsþjálfun. Félagsmálaráðuneyti á einnig að safna upplýsingum um starfstengda símenntun, auk þess að kynna og veita upplýsingar um þá starfsmenntun sem í boði er og þau náms- og kennslugögn sem það hefur til ráðstöfunar skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Starfsmenntaráð fer með framkvæmd laga um starfsmenntun í atvinnulífínu. Hlutverk starfsmenntaráðs er m.a. að úthluta styrkjum úr starfsmenntasjóði og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfstengdrar símenntunar. Ráðið er skipað sjö fulltrúum; einum frá félagsmálaráðuneyti, þremur frá samtökum atvinnurekenda (2 frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 1 frá Vinnumálasambandinu), þremur frá samtökum launafólks (2 frá Alþýðusambandi Íslands og 1 frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja), einum áheyrnarfulltrúa frá menntamálaráðuneyti og einum frá Vinnumálastofnun.


Auk þess að eiga sæti í starfsmenntaráði eiga fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sæti í ýmsum ráðum og nefndum sem koma að málefnum símenntunar á vettvangi skóla- og atvinnumála. Með samningum um kaup og kjör á vinnumarkaði hafa þau samtök einnig áhrif á rétt einstaklinga til að sækja símenntun. Flest stærri samtök vinnuveitenda og launafólks hafa mótað eigin menntastefnu þar sem áherslur þeirra í málefnum símenntunar eru settar fram.

1.2 Skólakerfið og símenntun

Skólaárið 1995-1996 störfuðu 197 almennir grunnskólar í landinu auk 7 sérskóla fyrir nemendur með sérþarfir. Árið 1997 voru 36 framhaldsskólar í landinu, þar af 9 menntaskólar, 15 fjölbrautaskólar, 2 iðnskólar, 2 verkmenntaskólar og 8 sérskólar (Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, 1997a). 10 skólar bjóða nám á háskólastigi og hefur þeim fækkað frá síðasta ári þar sem Fósturskóli Íslands, Íþróttakennaraskólinn, Kennaraháskóli Íslands og Þroskaþjálfaskólinn hafa myndað einn Kennaraháskóla Íslands. Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994 er leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu og ætlaður börnum undir skólaskyldualdri. Í þessari skýrslu er ekki tekið á málefnum leikskólans, en segja má að grunnur að símenntun einstaklinga sé lagður strax á þessu fyrsta skólastigi.

Í íslensku skólakerfi eru að jafnaði um 4.000 nemendur í árgangi. Á haustönn 1996 voru um 42.000 nemendur í grunnskóla, um 17.700 í framhaldsskóla (í dagskóla) og tæplega 7.900 í skólum á háskólastigi (Hagstofa Íslands, 1997a). Árið 1995-1996 voru tæplega 2.000 einstaklingar við nám erlendis, aðallega í Evrópu og N-Ameríku. Um 90% af árgangi fara í framhaldsskóla, þar af stærstur hluti í almennt nám en um 25-30% í starfsnám (Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, 1997a).

Í öldungadeildum framhaldsskólanna eru um 3.000 nemendur á önn. Í könnun menntamálaráðuneytisins (1996b) um þátttöku í öldungadeildum kemur fram að um 70% nemenda var undir þrítugu. Við núverandi fyrirkomulag getur fólk fengið metna starfsreynslu sína þ.m.t. heimilisstörf til allt að 16 eininga. Boðið er upp á stöðupróf í ensku, dönsku, sænsku, norsku, þýsku, ítölsku, spænsku, frönsku, stærðfræði (tveir fyrstu áfangarnir) og tölvufræði. Eins og sjá má á mynd 1, hefur fjöldi nemenda sem eru 35 ára og eldri og stundar nám innan skólakerfisins þrefaldast frá árinu 1980 (OECD, 1997a; Hagstofa Íslands, 1996; Jón Torfi Jónasson, 1994).



Mynd 1. Skólasókn 35 ára nemenda og eldri. (Heimild: Hagstofa Íslands, 1996)

Menntunarstig Íslendinga er að hækka, þar sem fleiri ljúka námi nú en fyrir nokkrum árum. Árið 1996 útskrifuðust um 50% af árgangi með stúdentspróf (í hlutfalli af tölu tvítugra). Þetta hlutfall var 37% árið 1986 (Hagstofa Íslands, 1997a). Í samantekt OECD (1997a) kemur fram að menntunarstig þjóðarinnar er að hækka þar sem hlutfallslega færri Íslendingar á aldrinum 16-74 ára voru aðeins með grunnskólamenntun árið 1995 (43%) en árið 1991 (50%). Á sama tíma fjölgar þeim sem ljúka framhaldsskólanámi og háskólanámi.

Brottfall úr námi virðist þó talsvert í íslensku skólakerfi. Í samantekt OECD (1997a) er sýnt fram á að brottfall hér á landi er um 30-35% miðað við árgang (innan við 25 ára aldur). Miðað við þær tölur má ætla að um 65-70% ljúki prófi á framhaldsskólastigi. Þar af útskrifast um 50% árgangs með stúdentspróf en um 15-20% ljúka starfsnámi. Miðað við þessa samantekt OECD (1997a) útskrifast um 10% færri úr framhaldsskóla hér á landi miðað við meðaltal OECD-ríkjanna sem er um 80% nemenda. Að auki er skipting milli bók- og starfsnáms önnur hér en í ríkjum OECD, en þar útskrifast 37% úr almennu framhaldsskólanámi og 42% úr starfsnámi.

Athugun á menntunarstigi árgangs fæddum árið 1969 (gerð þegar þátttakendur voru 24-25 ára) sýndi að fólk virðist lengi að ljúka framhaldsskóla og algengt er að tekið sé tímabundið hlé frá námi (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995). Um 45% af árganginum

höfðu lokið námi 6 árum eftir að grunnskóla lauk, en 58% árgangsins 8 árum eftir að grunnskóla lauk. Þrátt fyrir þessar skýringar er brottfall mikið, þar sem 42% árgangsins höfðu ekki lokið námi 8 árum eftir að grunnskóla lauk. Sé þessi niðurstaða borin saman við samantekt OECD (1997a) þá virðist hins vegar sem dregið hafi nokkuð úr brottfalli í framhaldsskólanámi hér á landi á allra síðustu árum.

Brottfall nemenda í öldungadeildum er einnig talsvert, þar sem aðeins um helmingur þeirra sem skráir sig þar í nám lýkur þeim námsáfanga með prófi (Könnun menntamálaráðuneytisins, 1996b). Mikið brottfall virðist einnig úr háskólum þar sem um 50% þeirra sem hefja nám ljúka þaðan viðurkenndu námi (OECD, 1997a).

Eins og fram kemur í töflu 1 virðist brottfall meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995). Hins vegar ber að athuga að munur er á brottfalli frá námi eftir því um hvaða skóla á landsbyggðinni er að ræða.

Tafla 1. Skólaganga á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við landsbyggðina við 24-25 ára aldur.

	Höfuðborgarsvæðið %	Landsbyggðin %
Ekki farið í framhaldsskólanám	6,3	13,9
Ekki lokið framhaldsskóla	29,4	36,9
Lokið tveggja ára framhaldsskólanámi	1,4	3,5
Lokið iðn- eða starfsnámi	12,4	14,5
Lokið stúdentsprófi	40,3	22,1
Lokið sérnámi á háskólastigi	1,4	4,1
Lokið háskólanámi	8,9	5,0
Heildarfjöldi	429	317

(Heimild: Gerður G. Óskarsdóttir, 1995).

Á haustönn 1995 voru um 46% í 20 ára aldurshópnum skráðir í nám í Reykjavík en 33% á Vestfjörðum, 34% á Norðurlandi vestra og 37% á Suðurlandi (Hagstofa Íslands, 1996).

Í námsferliskönnun á árgangi fæddum árið 1969 var það fólk sem ekki hafði lokið viðurkenndu framhaldsskólanámi spurt hvers vegna það hefði ekki haldið áfram námi. Um 38% sögðust hafa hætt vegna áhugaleysis, um 18% vegna peningaleysis, um 12% vegna þess að þeim leiddist í skóla. Þegar fólk var hins vegar spurt hvort það hefði áhuga á frekara námi, þá sögðust rúmlega 80% hafa áhuga á því (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992).

1.3 Fræðsluaðilar og framboð náms

Athugunum á símenntun utan opinbera skólakerfisins ber saman um að framboð náms hér á landi sé mikið þegar á heildina er litið (Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, 1997a og 1997b; Kristján Bragason, 1996; Stefán Baldursson og Börkur

Hansen, 1992). Margir fræðsluaðilar s.s. skólar, samtök, stéttarfélög og fyrirtæki bjóða upp á menntun og þjálfun sem ætlað er að mæta þörfum markaðarins um símenntun.

Sammennt og Vinnuveitendasamband Íslands stóðu fyrir könnun á umfangi símenntunar í íslenskum fyrirtækjum 1995. Könnunin náði til 527 fyrirtækja innan Vinnuveitendasambands Íslands með 10 starfsmenn eða fleiri auk stærstu fyrirtækja innan Verslunarráðs. Alls fengust svör frá 374 fyrirtækjum. Í könnuninni kemur m.a. fram að í 27% tilfella sótti starfsfólk námskeið til einkaaðila, í 22% tilfella skipulögðu fyrirtækin námskeiðin sjálf, í 9% tilfella sótti starfsfólk námskeið til fræðslustofnana iðnaðarins og 1% námskeiða voru haldin í framhaldsskólum.

Skipta má framboði náms utan skólakerfisins í nokkra meginflokka eftir því hverjum það er ætlað. Má þar nefna námskeið fyrir háskólamenntað fólk; námskeið fyrir fólk með fagmenntun á framhaldsskólastigi; námskeið sem veita tiltekin starfsréttindi og námskeið fyrir tiltekna starfsgreinahópa til að auka hæfni þeirra í starfi en veita þó ekki sérstök réttindi. Að auki eru í boði mörg almenn námskeið sem opin eru öllum sem hafa áhuga á að sækja þau. Þar má nefna ýmis tólmstunda-, tölvu-, tungumála-, stjórnunar- og rekstrarnámskeið. Á vinnustöðum eru haldin námskeið m.a. fyrir nýliða og námskeið tengd nýrri tækni og breyttum vinnubrögðum. Í mörgum stærri fyrirtækjum er slík starfsemi í höndum fræðslustjóra og hefur þeim fjölgað undanfarin ár (Sammennt og VSÍ, 1996). Að auki hefur atvinnulausu fólki staðið til boða að sækja ýmis námskeið til að bæta almennan menntunargrunn eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Færst hefur í vöxt að endurmenntun innan ákveðinna starfsstétta fari fram í þeim framhaldsskóla sem sér um grunnmenntun í þeirri grein. Má þar nefna endurmenntun sjúkraliða í Fjölbrotaskólanum í Ármúla, endurmenntun í bílgreinum sem fer fram í Fræðslumiðstöð bílgreina í Borgarholtsskóla og endurmenntun í skipstjórnar- og vélstjóranámi í Stýrimannaskólanum og Vélskóla Íslands. Endurmenntun í landbúnaði fer fram í búnaðarskólunum. Ýmsir framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa boðið upp á endurmenntunar- og tólmstundanámskeið á vettvangi farskóla. Farskólarnir eru sex talsins: Farskóli Vesturlands, Farskóli Vestfjarða, Farskóli Norðurlands vestra, Farskóli Þingeyinga, Farskólinn á Austurlandi og Farskóli Suðurlands.

Meira er um það nú en áður að fræðsluaðilar hafi með sér samstarf um símenntun. Nýjasta samstarfsverkefnið á þessum vettvangi eru miðstöðvar símenntunar sem áður voru nefndar og byggja á ákvæðum í 35. grein laga um framhaldsskóla. Ein slík miðstöð er að hefja starf á Suðurnesjum og er rekin sem sjálfseignarstofnun. Henni er fyrst og fremst ætlað að veita þjónustu sem fellur utan hefðbundinna verkefna framhaldsskólans, auk þess sem hún er liður í því að efla samstarf atvinnulífs og skóla og styrkja tengsl milli grunn- og endurmenntunar. Á sviði nokkurra iðngreina eru einnig starfandi fræðslumiðstöðvar s.s. Rafiðnaðarskólinn, Menntafélag byggingaiðnaðarins, Fræðslumiðstöð bílgreina, Fræðsluráð málmíðnaðarins, Prenttæknistofnun og Fræðsluráð hótél- og veitingagreina. Ýmsir aðilar í iðnaði hafa með sér samstarf um símenntun og er aðstaða í Félags- og fræðslumiðstöð iðnaðarins fyrir ýmiskonar námskeiðahald, sem m.a. er ætlað að styðja endurmenntun í smærri iðngreinum, samhæfa námskeiðahald og draga þannig úr kostnaði.

MFA, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, er fræðslustofnun ASÍ. Á vegum MFA starfar Félagsmálaskóli alþýðu og Mímir-Tómstundaskólinn. Félagsmálaskóli alþýðu stendur fyrir félagsmálafræðslu og almennri menntun fyrir félagsmenn ASÍ og BSRB samkvæmt lögum um skólann. Mímir-Tómstundaskólinn er rekinn sem sjálfstætt fyrirtæki og er skólinn öllum opin. Skólinn er með sjálfstæðan fjárhag. Á vegum MFA fer fram starfsmenntun fyrir ófaglærða auk þess sem margvísleg námskeið eru haldin í samvinnu við ýmis félög, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir.

Iðntæknistofnun rekur sérstaka fræðsludeild fyrir íslenskt atvinnulíf og fer um 16% af rekstrarkostnaði stofnunarinnar í símenntun (Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, 1997b). Þar hefur verið boðið upp á ýmis námskeið bæði fyrir faglærða og ófaglærða í iðnaði, auk þess sem þar er búið til fræðslufni.

Aðgengi að starfstengdri símenntun ýmissa starfsstétta og starfshópa virðist mismunandi. Fjögur landssambönd innan ASÍ og Starfsmannafélagsins Sóknar hafa gert athugun meðal féлага sinna um starfsmenntun í atvinnulífinu fyrir launafólk utan löggiltra iðngreina. Þar kemur m.a. fram að framboð á námskeiðum er lítið og því varla hægt að tala um starfstengda símenntun (Kristján Bragason, 1996). Framboð námskeiða fyrir fólk með litla undirstöðumenntun virðist einnig minna en fyrir þá sem meiri menntun hafa, sem getur að hluta skýrt minni námskeiðssókn þess hóps (Jón Torfi Jónasson, 1992b).

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Kennaraháskóli Íslands hafa séð um endurmenntun fyrir háskólamenntað fólk. Að Endurmenntunarstofnun HÍ standa nokkur félög háskólamanna, Tækniskóli Íslands og Háskóli Íslands. Þar hefur einnig verið boðið upp á nám sem opið er öðrum en háskólamenntuðu fólki.

Á almennum markaði er mikill fjöldi fyrirtækja sem sér um nám og námskeiðahald s.s. tölvuskólar, viðskipta- og rekstrarskólar, ferðamálastólur og málaskólar. Eins og áður var nefnt eru einnig dæmi um að fyrirtæki og stofnanir sjái sjálf um fræðslu fyrir starfsfólk sitt s.s. sveitarfélög, bankar, tryggingafélög, lögreglan og ýmis stærri atvinnufyrirtæki.

1.4 Þátttakendur í símenntun

Á Íslandi eru um 150 þúsund manns á vinnumarkaði. Skipting vinnuaflsins eftir menntun sést í töflu 2. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands (1997b) þá er um þriðjungur íslensks vinnuafls aðeins með grunnskólamenntun, um 39% með framhaldsskólamenntun, tæplega 15% með sérskólamenntun og tæplega 14% með háskólamenntun. Atvinnuleysi hér á landi var um 3,8% í nóvember 1997, mest meðal þeirra sem hafa einungis lokið grunnskóla, eða um 6,5%, en minna meðal þeirra sem hafa meiri menntun.


Tafla 2. Vinnuafl, atvinnuþátttaka og atvinnuleysi eftir menntun.

	Vinnuafl	Hlutfall	Atvinnuþátttaka	Atvinnuleysi

Grunnskólamenntun	49.000	32,6	74,7	6,5
Framhaldsskólamenntun	58.700	39,1	82,1	3,2
Sérskólamenntun	22.000	14,6	90,6	2,0
Háskólamenntun	20.500	13,6	94,1	1,2
Samtals	150.300	100,0	82,0	3,8

(Heimild: Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands í nóvember, 1997b).

Mynd 2 sýnir þann hluta vinnuaflsins sem aðeins hefur grunnskólamenntun og er hann flokkaður eftir aldri. Hlutfallslega flestir eru í yngsta aldurshópnum þ.e. 20-24 ára en um 44% hans er aðeins með grunnskólamenntun. Þetta skýrist m.a. af því að fólk er lengi að ljúka framhaldsskólanámi. Meðalaldur þeirra sem lýkur iðnnámi er t.d. um 25 ár. Í aldurshópnum 25-29 ára, 30-39 ára og 40-49 ára eru um 21-25% aðeins með grunnskólamenntun. Um 28% af þeim sem eru 50-59 ára og tæplega 38% vinnuaflsins sem er 60 ára og eldri eru aðeins með grunnskólamenntun.



Mynd 2. Hlutfall vinnuafls sem er með grunnskólamenntun eftir aldri árið 1997.

(Heimild: Hagstofa Íslands, vinnumarkaðskannanir)

Þegar þátttaka fólks í símenntun er athuguð þá skiptir máli að skoða ákveðna þætti s.s. menntun, stöðu á vinnumarkaði, kyn, aldur, búsetu og hve langt er síðan fólk var í skóla. Í áðurnefndri könnun Sammenntar og VSÍ (1996) kemur fram mikil fylgni milli menntunar og þátttöku í starfsþjálfunarnámskeiðum. Niðurstöður könnunarinnar benda til að um 79% háskólamenntaðs starfsfólks nýttu sér slík námskeið, 49% starfsfólks með stúdentspróf eða annað framhaldsskólapróf, 31% starfsfólks með iðneða tæknimenntun en aðeins 22% starfsfólks sem einungis er með grunnskólapróf (sjá töflu 3). Þessi niðurstaða er í samræmi við könnun sem gerð var á þátttöku starfsfólks í starfstengdri símenntun árið 1990 (Stefán Baldursson og Börkur Hansen, 1992).

Tafla 3. Þátttaka starfsfólks í símenntun í fyrirtækjum innan VSÍ og Verslunarráðs 1995 eftir menntun.

	Hlutfall starfsfólks sem sótti námskeið
Grunnskólamenntun	22%
Iðn- eða tæknimenntun	31%
Stúdent, annað framhaldsskólanám	49%
Háskólamenntun	79%

(Heimild: Sammennt og VSÍ, 1996)

Stærsti hluti námskeiðanna í könnun Sammenntar og VSÍ (1996) var ætlaður sérfræðingum (72%), millistjórnendum (52%), tæknifólki (50%), skrifstofufólki (50%) og stjórnendum (47%), en sjaldgæfara var að almennir starfsmenn (24%) færu á námskeið. Þessa sömu tilhneigingu er að sjá í flestum nágrannalöndum okkar (European Commission, 1997; OECD, 1997b; Davis, N, 1996; Gerður G. Óskarsdóttir, 1995).

Ekki kemur fram kynjamunur í símenntun hér á landi. Hlutfallslega jafn margir karlar og konur virðast sækja námskeið (Sammennt og VSÍ, 1996; Stefán Baldursson og Börkur Hansen, 1992). Hins vegar kemur fram kynjamunur þegar athugað er í hvers konar nám fólk sækir. Konur sækja frekar í viðskipta-, samskipta- og uppeldisnám en karlar fara frekar í nám tengt tæknilegum viðfangsefnum. Þessi kynjaskipting milli námsgreina virðist eiga við jafnt utan sem innan skólakerfisins. Karlar virðast hins vegar oftara fara á námskeið í vinnutíma en konur (Stefán Baldursson og Börkur Hansen, 1992).

Í skýrslu Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands (1997a) var reynt að meta stöðu starfstengdrar símenntunar hér á landi. Þar kom fram að það sem virðist hafa áhrif á hverjir sækja námskeið og hverjir ekki er helst tæknibreytingar, aukin samkeppni fyrirtækja og nýbreytni í vinnubrögðum. Þetta sést einnig í könnun Sammenntar og VSÍ (1996) þar sem fyrirtæki töldu mesta þörf á gæðastjórnunarnámskeiðum (26%) og fagnámskeiðum (25%) og algengast var að starfsfólk sækti fagnámskeið (32%), námskeið í skrifstofutækni (21%), samskiptum/þjónustu (20%) og gæðastjórnun (14%).

Í könnunum Bændaskólans á Hvanneyri og Rafiðnaðarskólans kom fram að þeir sem eru yngri og hafa nýlega lokið námi eru duglegastir að sækja starfstengda símenntun í fagi sínu (Kristjana Hafliðadóttir, Guðbjörg Einarsdóttir, Svandís Edda Ragnarsdóttir og Oddný Kristín Guðmundsdóttir, 1997; Bændaskólinn á Hvanneyri, 1996). Einnig virðast efnameiri bændur vera áhugasamari um endurmenntun en þeir sem eru efna-minni (Bændaskólinn á Hvanneyri, 1996). Ekki virðist hins vegar vera munur á þátttöku fólks í slíku námi eftir því hvort það býr á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni (Jón Torfi Jónasson, 1992a; Stefán Baldursson og Börkur Hansen, 1992).

Athugun á þátttöku fólks í tómsundanámskeiðum var gerð árið 1992. Samkvæmt könnuninni sóttu um 16% svarenda einhver námskeið síðustu 12 mánuði fyrir könnunina og um 70% þeirra höfðu sótt eitt námskeið. Um 75% svarenda greiddu námskeiðsgjöldin sjálfir. Einkum var um tómsundanámskeið að ræða eða í 35% tilfella, í 16% tilfella fór fólk á tungumálanámskeið, 14% á starfstengd námskeið og í

11% tilfella námskeið tengd slysavörnum eða skyndihjálpi (Jón Torfi Jónasson, 1992a). Þegar þátttaka í námskeiðum var borin saman við menntun fólks kom í ljós að 20% höfðu lokið bóklegu framhaldsskólanámi eða háskólanámi en aðeins 12% þátttakenda höfðu grunnskólapróf eða minna. Einnig er athyglisvert að launagreiðendur virtust frekar greiða fyrir námskeið sem háskólamentaðir sóttu (30%) en fyrir aðra hópa (10%). Konur (82%) greiddu einnig frekar kostnað vegna námskeiðanna en karlar (65%).

Könnun Sammenntar og VSÍ (1996) bendir til þess að um 18% kvenna og 19% karla sæki starfsþjálfunarnámskeið á ári. Þetta samsvarar því að um 26.000 einstaklingar hafi sótt einhver slík námskeið árið 1995. Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í desember 1987 höfðu 23% aðspurðra verið á a.m.k. einu námskeiði á vinnutíma og um 15% verið á a.m.k. einu námskeiði utan vinnutíma (Jón Torfi Jónasson, 1988). Ekki er um sambærilegar kannanir að ræða frá öðrum tíma og því erfitt að meta hvort námskeiðasókn hafi aukist, staðið í stað eða jafnvel minnkað. Hins vegar sýndi samanburður á fimm ára tímabili að 17% fleiri fyrirtæki stóðu að starfstengdri símenntun árið 1995 en árið 1990 (Sammennt og VSÍ, 1996).

Símenntun starfsfólks getur eins og áður segir einnig farið fram innan vinnustaðanna sjálfra. Um 50% starfsfólks á aldrinum 24-25 ára segist hafa fengið starfsþjálfun á fyrsta vinnudegi þess í starfi (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995). Athugaður var sérstaklega sá hópur fólks sem ekki fékk þjálfun til að meta hvort fyrri nám hefði áhrif á þjálfun á vinnustað. Af þeim sem höfðu lokið einhverju framhaldsskólanámi höfðu um 29% ekki fengið starfsþjálfun á fyrsta degi í starfi. Hins vegar sögðust um 50% þeirra sem ekki höfðu lokið neinu skilgreindu framhaldsskólanámi ekki hafa fengið slíka þjálfun. Þetta bendir til þess að fólk sem lokið hefur einhverju framhaldsskólanámi fái frekar starfsþjálfun á fyrsta degi í starfi en þeir sem ekki hafa lokið einhverju námi.


Í skýrslu Rannsóknþjónustu Háskólans (1997a) voru teknar saman upplýsingar um fjölda þátttakenda í starfstengdri símenntun og fjölda slíkra námskeiða árið 1995 hjá helstu fagfélögum, rannsóknastofnunum og öðrum opinberum stofnunum. Ekki lágu fyrir upplýsingar um hvað hver þátttakandi fór á mörg námskeið þannig að hafi einn einstaklingur farið á 10 námskeið þá telst hann sem 10 þátttakendur. Þá var ekki heldur vitað um þátttöku hjá fræðsluaðilum á almennum markaði. Megin niðurstöður voru þær að í heildina sóttu um 15 þúsund þátttakendur 935 námskeið hjá þessum fræðslustofnunum árið 1995. Á vegum fagfélaga og annarra samtaka í atvinnulífinu, s.s. fræðslumiðstöðva iðngreina, stéttarfélaganna og ýmissa samtaka voru tæplega 9.000 þátttakendur á 620 námskeiðum. Á vegum Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins voru 1.640 þátttakendur á 106 námskeiðum. Á námskeiðum sem haldin voru af opinberum stofnunum, s.s. Lögregluskólanum, Brunamálaskólanum, Námsflokkum Reykjavíkur og Tollskólanum, voru um 3.900 þátttakendur á 209 námskeiðum (Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, 1997a).

Erfitt getur verið að meta nákvæmlega muninn á heildarþátttöku í starfstengdri símenntun milli landa, enda er ekki alltaf um sambærileg námskeið eða nám að ræða. Einnig er ljóst að í mörgum löndum er erfitt að greina milli þátttöku fólks í starfsnámi og starfstengdri símenntun. Hins vegar virðist sem þátttaka starfsfólks hér á landi í starfstengdri símenntun sé í lægri kantinum. Tölur frá fimm OECD-ríkjum benda t.d. til að þátttaka í starfstengdri símenntun hjá fólki á aldrinum 25-64 ára, á 12 mánaða

tímabili, sé minnst í Kanada eða um 28% en mest í Finnlandi eða um 45%. Þátttaka í Þýskalandi, Sviss og Bandaríkjunum var á bilinu 33% til 35% (OECD, 1997b).

1.5 Stærð fyrirtækja og símenntun

Hlutfallslega meira er um lítil fyrirtæki á íslenskum vinnumarkaði en víða annars staðar í Evrópu. Þetta sést t.d. á því að meðalfjöldi starfsfólks á fyrirtæki í ESB-ríkjunum er 6,4 á móti 3,5 hér á landi. Séu íslensk fyrirtæki flokkuð eftir Evrópustaðlinum í smá (1-9 starfsmenn), lítil (10-49 starfsmenn), meðalstór (50-249 starfsmenn) og stór (250 starfsmenn eða fleiri) þá starfar aðeins um 13% íslensks vinnuafls í stórfyrirtækjum (sjá mynd 3).



Mynd 3. Hlutfall vinnuafls eftir stærð fyrirtækja.

(Heimild: Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, 1997b)

Niðurstöður athugana sýna að starfstengd símenntun er meiri í stórum fyrirtækjum en smáum (European Commission, 1997; IKEI, 1997). Þetta er í samræmi við niðurstöður könnunar Sammenntar og VSÍ (1996) þar sem athuguð var þátttaka í starfsþjálfunarnámskeiðum eftir stærð og starfsemi fyrirtækja og staðfest að lítil fyrirtæki sinna símenntun síður en stór. Hins vegar eru til smá fyrirtæki s.s. í hugbúnaði og iðnaði sem sinna vel starfsþjálfun (Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, 1997a). Sjaldgæfast virðist að fyrirtæki í byggingastarfsemi, fiskveiðum og fiskiðnaði sinni símenntun. Algengast er að fólk fari á starfsþjálfunarnámskeið hjá fjármála- og tryggingafyrirtækjum.

Tafla 4. Þátttaka í starfsþjálfunarnámskeiðum eftir stærð fyrirtækja innan VSÍ og Verslunarráðs árið 1995.

	Þátttaka	Engin þátttaka
--	----------	----------------

10-15 starfsmenn	48%	52%
16-20 starfsmenn	40%	61%
21-30 starfsmenn	70%	30%
31-50 starfsmenn	69%	31%
51-100 starfsmenn	79%	21%
Fleiri en 100 starfsmenn	90%	10%
Samtals	67%	33%

(Heimild: Sammennt og VSÍ, 1996).

Nýleg evrópsk könnun á þátttöku smárra, lítilla og meðalstórra fyrirtækja í símenntun bendir hins vegar til að henni sé nokkuð vel sinnt hér á landi (IKEI, 1997). Í heildina voru 840 iðnfyrirtæki frá ellefu Evrópulöndum í könnun IKEI. Hér á landi náði könnunin til 78 iðnfyrirtækja, þar af voru 25 smá fyrirtæki, 26 lítil fyrirtæki og 27 meðalstór fyrirtæki. Niðurstöðurnar benda til að á Íslandi hafi um 77% fyrirtækjanna sinnt símenntun. Til samanburðar virtust um 69% norsku fyrirtækjanna sinna símenntun, 65% þeirra frönsku en aðeins 32% portúgölsku fyrirtækjanna. Annað sem athygli vekur í könnun IKEI (1997) er að um 32% meðalstórra fyrirtækja segjast gera áætlanir um fræðslu starfsfólks, um 12% lítilla fyrirtækja en innan við 2% smárra fyrirtækja. Á Íslandi gerðu hins vegar aðeins 9% fyrirtækjanna áætlanir um fræðslu starfsfólks.

Helstu ástæður sem gefnar eru fyrir lítilli þátttöku starfsfólks í smáum og litlum fyrirtækjum (50 starfsmenn eða færri) eru annars vegar að erfitt geti verið að senda fólk frá á vinnutíma þar sem enginn getur leyst það starfsfólk af sem fer á námskeið og hins vegar kostnaður. Einnig virðist framboð námskeiða ekki vera í samræmi við þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja (IKEI, 1997). Fleiri þættir eru taldir hindra símenntun, s.s. lítill tími til að sinna henni, skortur á fagfólki eða lítill áhugi starfsfólks eða stjórnenda (Sammennt og VSÍ, 1996).

1.6 Kostnaður

Útgjöld hins opinbera til menntamála árið 1996 voru 25,9 milljarðar eða 5,34% af landsframleiðslu. Þar af fóru um 13,2 milljarðar í grunnskóla (51%), um 7,1 milljarður í framhaldsskólastigið (27%) og um 3,1 milljarður í háskólastigið (12%). Stjórnunarkostnaður og námslán voru um 2,5 milljarðar (10%) (Þjóðhagsstofnun, 1997). Útgjöld hins opinbera til fræðslumála voru talsvert meiri árið 1996 en undanfarin ár (sjá töflu 5).

Séu útgjöld hins opinbera til grunn-, framhalds- og háskóla borin saman við meðaltal OECD-ríkja og Norðurlanda sést að meðaltalsútgjöld OECD-ríkja voru 4,9% af landsframleiðslu árið 1993, Norðurlanda 6,7% og Íslands 5,1%. Þannig virðast opinber útgjöld til menntamála hér á landi vera svipuð meðaltali OECD-ríkjanna.

Tafla 5. Útgjöld hins opinbera og heimilanna til fræðslumála 1990-1996 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	Útgjöld hins opinbera	Útgjöld heimilanna	Fræðsluútgjöld alls	Hlutfall heimilanna af heildarútgjöldum
1996	5,34	0,78	6,12	12,68
1995	4,88	0,76	5,65	13,47
1994	4,88	0,78	5,66	13,75
1993	5,04	0,78	5,82	13,42
1992	5,20	0,71	5,91	11,93
1991	5,09	0,71	5,80	12,26
1990	4,88	0,69	5,57	12,38

(Heimild: Þjóðhagsstofnun, 1997).

Heildarkostnaður vegna náms og námskeiðahalds utan skólakerfisins liggur ekki fyrir. Í fjárlögum yfirstandandi árs kemur fram beint framlag ríkisins vegna símenntunar utan skólakerfisins til ýmissa aðila. Hins vegar eru þetta ekki tæmandi upplýsingar og ekki er ljóst hve stór hluti fer beint til símenntunar. Um 200 milljónum verður úthlutað úr atvinnuleysistryggingasjóði til námskeiðahalds, átaksverkefna og annarra úrræða fyrir atvinnulausa skv. fjárlögum árið 1998. Þar til viðbótar er um 50 milljónum varið beint til starfsmenntunar í atvinnulífinu skv. áðurnefndum lögum. Stjórnvöld veita einnig fjármagni beint til ákveðinna fræðsluaðila, svo sem Félagsmálaskóla alþýðu sem fær tæplega 21 milljón í beinan stuðning auk annarra framlaga til námskeiðahalds. Aðrir sem fá beina styrki á fjárlögum til símenntunar eru: Brunamálaskólinn tæplega 9 milljónir, Flugskóli Íslands 9,7 milljónir, Slysavarnaskóli sjómanna 36,2 milljónir og Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit 10 milljónir. Ýmis ráðuneyti hafa að auki stutt við símenntun í þeim atvinnugreinum er tengjast verksviði þeirra. Þannig styrkir Framleiðnisjóður símenntun í landbúnaði um 18-20 milljónir ár hvert (Framleiðnisjóður landbúnaðarins, 1996) og sjávarútvegsráðuneytið starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar um 10 milljónir árlega. Auk þess leggja stjórnvöld sem vinnuveitendur fjármagn til símenntunar af ýmsu tagi s.s. í endurmenntun við Kennaraháskóla Íslands 20,7 milljónir og í endurmenntun í framhaldsskólum 28,2 milljónir (Fjárlög, 1998). Ætla má að opinber stuðningur til símenntunar sé talsvert meiri, enda er hér ekki talinn með sá stuðningur sem kemur frá sveitarfélögum víða um land. Reykjavíkurborg styður t.d. Námsflokka Reykjavíkur um 50 milljónir á árinu 1998 og Kópavogsbær studdi Kvöldskóla Kópavogs um 6 milljónir árið 1997 (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 1997; Munnleg heimild: Guðrún Einarsdóttir, aðalbókari Kópavogsbæjar).

Heildarkostnaður fyrirtækja vegna símenntunar er einnig óljós. Áætlað er að fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri greiði um 800 milljónir á ári í starfsþjálfunarnámskeið fyrir starfsfólk sitt (Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, 1997b). Árið 1995 var útlagður kostnaður fyrirtækja innan VSÍ og Verslunarráðs með 10 starfsmenn eða fleiri, að meðaltali 123 þúsund eða 0,18% af veltu það ár (Sammennt og VSÍ, 1996). Árið 1990 var áætlaður kostnaður af starfstengdri símenntun að meðaltali 0,27% af veltu fyrirtækja í landinu (Stefán Baldursson og Börkur Hansen, 1992).

Eins og fram kemur í töflu 5 hér að framan þá voru fræðsluútgjöld heimilanna (s.s. námskeið, tónlistarskólar, dansskólar, innritunargjöld, efnisgjöld) um 3,8 milljarðar

eða 0,78% af landsframleiðslu. Útgjöld hins opinbera og heimilanna eru þannig samanlagt rúmlega 6,1% af landsframleiðslu sem samsvarar því að heildarútgjöld til fræðslumála á hvern íbúa í landinu séu 110.235 krónur (Þjóðhagsstofnun, 1997). Útgjöld heimilanna í landinu til opinberra fræðslustofnana er um 1% af vergri landsframleiðslu sem er svipað meðaltali OECD en meira en hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndunum (Þjóðhagsstofnun, 1997). Samkvæmt Hagstofu Íslands (1997c) verja fjölskyldur í landinu að meðaltali 7.000 kr. á ári í tómstunda-, tónlistar- og tungumálanámskeið utan skólakerfisins sem samsvarar 665 milljónum og er þá meðtalinn kostnaður vegna þátttöku barna í námskeiðum.

2. TILLÖGUR AÐ STEFNU STJÓRNVALDA OG FIMM ÁRA ÁTAKI

Umfang símenntunar eykst stöðugt í íslensku samfélagi. Til að mæta þeirri þróun telur nefndin mikilvægt að stjórnvöld móti skýrari stefnu en verið hefur í málefnum símenntunar. Sú stefna á að fela í sér framtíðarsýn og megináherslur, sem fyrst og fremst hafa þann tilgang að skapa ramma um það umhverfi sem nauðsynlegt er til að efla símenntun. Símenntun mun hins vegar fyrst og fremst þróast og eflast með athöfnum einstaklinga, fræðsluaðila og atvinnulífs, enda er slík leið líklegust til að tryggja öfluga símenntun.

Nefndin leggur til að yfirumsjón símenntunar verði hjá menntamálaráðuneytinu. Slíkt fyrirkomulag felur í sér að menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á málaflokknum að því er varðar heildarstefnumótun, söfnun og skráningu upplýsinga og eftirlit. Sú staðreynd að ekkert eitt ráðuneyti hefur borið ábyrgð á símenntun hefur háð heildaryfirsýn og stefnumótun í málaflokknum. Yfirumsjón menntamála í landinu er hjá menntamálaráðuneytinu og því telur nefndin eðlilegt að símenntun heyrir undir verksvið þess. Slík tilhögun er mikilvæg, bæði til að efla samstarf þeirra sem að símenntun koma og til að tryggja að upplýsingar og yfirsýn séu í höndum eins aðila. Þannig fjölgar einnig tækifærum til að samnýta með markvissum hætti kennslukrafta, húsnæði, kennslufni og aðra sérfræðipækkingu.

Um leið og nefndin leggur til að menntamálaráðuneyti verði gert ábyrgt fyrir málaflokknum, telur nefndin mikilvægt að einstök ráðuneyti hafi áfram umsjón með þeirri símenntun sem undir þau heyrir. Í því sambandi er sérstaklega tekið fram að nefndin telur að framkvæmd laga um starfsmenntun í atvinnulífinu og starfsmenntaráð skuli áfram vera á ábyrgð félagsmálaráðuneytis.

Nefndin leggur til að stjórnvöld, undir forystu menntamálaráðuneytis, hafi eftirfarandi þætti til hliðsjónar í allri stefnumótun sinni að því er varðar símenntun og hlutverk hins opinbera:

- Auka þarf samráð og samstarf innan stjórnkerfisins milli stofnana og aðila sem tengjast símenntun.
- Auka þarf samvinnu og samráð opinberra stofnana og atvinnulífs til að efla símenntun á vinnumarkaði og tryggja að aðgerðir stjórnvalda á því sviði séu í samræmi við þarfir atvinnulífsins.
- Stærsta skylda stjórnvalda í símenntun er að tryggja öllum tækifæri til góðs almenns grunnskóla, sem stenst samanburð við það besta sem gerist meðal nágrannabjóða. Forgangsröðun í menntakerfinu skal umfram allt taka mið af þessu.

- Við skipulag náms og námsleiða skal í ríkari mæli taka mið af því viðhorfi sem í símenntun felst, þ.e. að nám sé ferli sem varir allt lífið. Mikilvægt er að skólakerfið komi þeim viðhorfum til nemenda.
- Annar stuðningur stjórnvalda við símenntun skal einkum miða að því að draga úr hindrunum sem standa í vegi ákveðinna hópa til að sækja símenntun, s.s. þeirra sem hafa litla undirstöðumenntun eða hafa búið við langvarandi atvinnuleysi.
- Tryggja þarf atvinnulífi almenn skilyrði sem hvetja til fjárfestinga í símenntun. Slíkt er best gert með hagstæðu efnahagsumhverfi, viðskiptafrelsi og einföldum laga- og reglugerðarramma.
- Gera þarf auknar kröfur til fræðsluaðila um gæði símenntunar til að tryggja neytendum og kaupendum þjónustu ákveðin lágmarksgæði.

Nefndin telur mikilvægt að í tengslum við heildarstefnu í málefnum símenntunar setji stjórnvöld fram markmið til að styrkja almenna menntun í landinu. Tengslin á milli undirstöðumenntunar og þess hvort einstaklingar sækja símenntun síðar á lífsleiðinni eru skýr. Eigi að takast að efla símenntun er því aðalatriði að tryggja einstaklingum slíkar forsendur. Það verður aðeins gert með því að auka almenna menntun í landinu.

Nefndin leggur til að stjórnvöld setji eftirfarandi markmið, sem miða að því að færa Ísland til jafns við nágrannalöndin að því er varðar almenna menntun landsmanna:

- Árið 2010 ljúki a.m.k. 85% árgangs framhaldsskólanámi, hvort sem er af lengri eða styttri námsbrautum.
- Árið 2010 sé það hlutfall vinnuafsisins sem aðeins hefur grunnskólapróf ekki hærra en 15%.

Fimm ára átak til að efla símenntun

Nefndin leggur til að stjórnvöld hefji átak til fimm ára sem miðar að því að auka framboð, eftirspurn og gæði símenntunar á Íslandi. Slíkt átak skal endurspegla stefnu stjórnvalda í málefnum símenntunar og setja þá stefnu í ákveðinn farveg um tiltekinn tíma. Átak til fimm ára á að tryggja að símenntun verði sinnt sérstaklega á komandi árum, ásamt því að vekja athygli á málaflokknum. Viðhorf til símenntunar þurfa að breytast, eigi að takast að efla menntun sem ævilangt ferli. Með átaki til fimm ára geta stjórnvöld haft áhrif þar á og komið þeim skilaboðum áleiðis að símenntun sé nauðsynlegur þáttur í lífi einstaklinga og starfsemi fyrirtækja. Slíku átaki þarf að hrinda í framkvæmd í nánú samstarfi við þá aðila sem helst koma að símenntun.

Nefndin leggur því til að stofnuð verði verkefnisstjórn fyrir átakið. Í þeirri verkefnisstjórn sitji fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, fulltrúar ráðuneyta, fulltrúar skólamála og fulltrúar frá fræðsluaðilum á almennum markaði. Verkefnisstjórnin starfi undir forystu menntamálaráðuneytisins og menntamálaráðherra beri ábyrgð á framkvæmd átaksins.

Nefndin leggur til að verkefnisstjórnin hugi í störfum sínum að leiðum til að efla símenntun og í því sambandi verði sérstök áhersla lögð á eftirfarandi sex þætti:

- **Forgangsröðun í þágu menntunar**
- **Annað tækifæri fullorðinna til náms**
- **Aðgengi að ráðgjöf og upplýsingum**
- **Tækifæri atvinnulífs til að auka þekkingu og þjálfun**
- **Starfsskilyrði á almennum fræðslumarkaði**
- **Dagur símenntunar**

Forgangsröðun í þágu menntunar

Nefndin telur að stærsta skylda stjórnvalda í símenntun sé að tryggja sem flestum aðgang að góðri menntun á öllum skólastigum. Skólakerfið þarf að taka mið af kröfum símenntunar og aukinn sveigjanleiki og meira val eiga að veita einstaklingum tækifæri til að sækja nám allt lífið. Auka þarf sjálfstæði og ábyrgð skóla á öllum skólastigum og innleiða í ríkari mæli kröfur um gæði og árangur í skólastarfi. Kröfur um markmið og inntak náms þurfa þó að vera samræmd og skýr og stjórnvöld þurfa að fylgjast með að þeim áherslum sé fylgt. Stefnt skal að því að sú menntun sem er í boði hér á landi sé samkeppnishæf við það sem best gerist í nágrannalöndum okkar, enda skipta gæði menntunar stöðugt meira máli þegar staða þjóða er metin.

Til að mögulegt sé að efla símenntun þurfa stjórnvöld að forgangsráða frekar í þágu menntunar á komandi árum. Forgangsröðun í þágu menntunar þýðir þó ekki aðeins að menntun hafi forgang í ákvörðunum er lúta að ríkisfjármálum. Slík forgangsröðun þýðir einnig að ákveða þarf hvað skuli hafa forgang innan menntakerfisins sjálfs. Nefndin telur að það verði jafnvel enn meira aðkallandi með aukinni sókn í símenntun. Nefndin leggur til að í slíkri forgangsröðun sé aðaláhersla lögð á undirstöðumenntun á grunn- og framhaldsskólastigi. Hins vegar telur nefndin eðlilegt að fullorðnir einstaklingar taki þátt í kostnaði við símenntun á framhalds- og háskólastigi sem sérstaklega er skipulögð fyrir fullorðna, enda nýtist slík menntun einstaklingum til aukinna tækifæra á vinnumarkaði og almennt.

Annað tækifæri fullorðinna til náms

Nefndin telur að auka þurfi fjölbreytileika og val í fullorðinsfræðslu og skapa þannig fullorðnum annað tækifæri til að hefja nám eða bæta við fyrri menntun. Gefa þarf þeim sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi kost á að taka samræmd próf, enda má ætla að slíkt treysti grunn þeirra til frekara náms.

Á framhaldsskólastigi skal áfram halda uppbyggingu öldungadeilda og laga þær enn frekar að þörfum fullorðinna og þeirra sem eru á vinnumarkaði. Leggja þarf sérstaka áherslu á það innan framhaldsskóla að bjóða fullorðnum ráðgjöf, sem felur í sér mat á stöðu þeirra í námi og ráðleggingar um námsleiðir. Skoða þarf frekar mat á þeirri þekkingu og færni sem fullorðnir hafa aflað sér utan skólakerfisins og í starfi til styttingar námstíma. Slíkt mat má þó ekki með nokkrum hætti verða til að minnka þá hæfni sem nemandi skal hafa tileinkað sér að loknu námi samkvæmt námskrá. Nefndin telur að í fullorðinsfræðslu á framhaldsskólastigi skuli skoða forsendur til að

hefja sérstök undirbúningsnámskeið þar sem fólki er gefinn kostur á að treysta undirstöðu sína til að hefja nám að nýju. Á slíku námskeiði verði lögð áhersla á námstækni, stöðumat, kynningu á tölum og aðra þá aðstoð sem mikilvæg er til að treysta forsendur fullorðinna til að setjast aftur á skólabekk s.s. þeirra sem hafa litla undirstöðumenntun, þeirra sem eru atvinnulausir eða þeirra sem lengi hafa verið frá námi.

Sveigjanleg tækifæri að því er varðar námsleiðir og námsfyrirkomulag eru mikilvæg fyrir fullorðna nemendur. Í því sambandi skal nýta til fulls upplýsingatækni. Þessi þróun er þegar hafin í framhaldsskólum en hana þarf að efla í námi á háskólastigi. Mikilvægt er að fullorðnum standi til boða að stunda nám í háskóla með starfi. Fjarnám og sjálfsnám geta nýst vel í háskólanámi, auk þess sem tækifæri til náms utan hefðbundins skólatíma þarf að vera til staðar. Ef aukin þjónusta eða sveigjanleiki í námi þýða aukinn kostnað fyrir skólana er eðlilegt að neytandinn taki þátt í þeim kostnaði.

Aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf

Góðar upplýsingar og markviss ráðgjöf skipta miklu í símenntun. Þetta á jafnt við um einstaklinga sem fyrirtæki og stofnanir. Aukin áhersla mun verða á einstaklings- og vinnustaðamiðaðar áætlanir um símenntun og því er nauðsynlegt að hafa aðgang að öflugri ráðgjöf og upplýsingum.

Nefndin telur mikilvægt að á næstu árum verði lögð sérstök áhersla á að styðja við stofnun miðstöðva símenntunar. Nefndin telur eðlilegt að frumkvæði að stofnun slíkra miðstöðva komi frá skólum, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fyrirtækjum og einstaklingum á hverjum stað. Miðstöðvar símenntunar geta auðveldað aðgang fyrirtækja og einstaklinga að upplýsingum um símenntun, auk þess sem þær eru kjörinn vettvangur til að veita ráðgjöf um nám og/eða símenntunaráætlanir. Með þeim skapast einnig tækifæri til ákveðinnar samnýtingar að því er varðar kennslu, námsefni og aðstöðu. Miðstöðvar símenntunar geta sérstaklega nýst þeim einstaklingum sem hafa litla menntun og vilja auka við hana á almennum markaði eða innan skólakerfisins. Hið sama er að segja um lítill fyrirtæki, en miðstöðvar símenntunar geta aðstoðað þau við fræðslu innan fyrirtækisins auk þess sem þar skapast tækifæri til að efla samstarf lítilla fyrirtækja og ýmissa fræðsluaðila um fræðslustarf. Miðstöðvar símenntunar eru mikilvægar fyrir fámenn landsvæði þar sem hægt verður að skipuleggja öflugt fræðslustarf og tryggja aðgang sem flestra að fjölbreyttri menntun.

Tækifæri atvinnulífs til að auka þekkingu og þjálfun

Nefndin telur að stjórnvöld eigi áfram að styðja við símenntun í atvinnulífi, með hliðsjón af lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992. Nefndin ræddi einnig aðrar hugmyndir um opinberan stuðning til að styrkja símenntun í atvinnulífi, sérstaklega þær sem lúta að skattaafslætti til handa fyrirtækjum sem fjárfesta í símenntun. Niðurstaða nefndarinnar er sú að slíkra aðgerða sé ekki þörf, enda er þar um að ræða flókna framkvæmd sem ekki felur í sér tryggingu fyrir aukinni símenntun á vinnumarkaði. Nefndin telur að með áður nefndum lögum um starfsmenntun í atvinnulífi ásamt gildandi skattalögum, sem tryggja að fyrirtæki greiða ekki skatt af

kostnaði við menntun sem tengist rekstri þeirra, styðji hið opinbera með fullnægjandi hætti við fræðslustarf fyrirtækja.

Nefndin leggur hins vegar til ákveðnar breytingar á áherslum starfsmenntaráðs til næstu fimm ára. Þær tillögur miða að því að leggja ríkari áherslu á að sem breiðastur hópur umsækjanda nýti sér umrædda styrki til starfsmenntunar. Nefndin beinir því til starfsmenntaráðs að næstu fimm árin leggi það sérstaka áherslu á að kynna starfsmenntasjóð fyrir smáum og meðalstórum fyrirtækjum, til að þau nýti sér frekar þau tækifæri sem starfsmenntasjóður veitir til uppbyggingar símenntunar. Nefndin beinir því einnig til starfsmenntaráðs að við upphaf úthlutunartímabils verði ákveðin forgangsröðun verkefna og fjármagni skipt á milli mismunandi verkefnaflokka.

Nefndin leggur til að starfsmenntaráð skoði þann kost að veita þeim fyrirtækjum sem fá styrk viðurkenningu ef markmiðum verkefnisins er náð. Nefndin leggur einnig til að athugaðar verði þær leiðir sem önnur lönd hafa farið í stuðningi sínum við símenntun í atvinnulífi. Í því sambandi telur nefndin mikilvægt að leið Breta sem kallast „Fjárfesting í fólki“ verði skoðuð, enda telur nefndin það átak hafa nýst vel til að byggja upp símenntun í atvinnulífi.

Starfsskilyrði á almennum fræðslumarkaði

Mikilvægt er að hér á landi nái fótfestu öflugur fræðslumarkaður. Fjölbreytt framboð símenntunar er þegar til staðar, en ætla má að á allra næstu árum stækki þessi markaður enn frekar og til verði atvinnugrein þar sem ýmiskonar nám og þjálfun ganga kaupum og sölum. Sem flestir skólar og fræðsluaðilar þurfa að starfa á slíkum markaði, enda er það forsenda þess að kröfum neytenda um fjölbreytta símenntun verði mætt.

Samfara þessari þróun eykst þörfin fyrir samræmd gæðaviðmið eða gæðatryggingu, þar sem neytendum eru tryggðar ákveðnar lágmarksupplýsingar um það nám sem í boði er á þessum markaði. Nefndin leggur til að skoðaðar verði leiðir til að koma slíku fyrirkomulagi á. Nefndin telur þó ekki að stjórnvöld eigi að taka að sér slíkt gæðaeftirlit. Mun æskilegra er að það verkefni sé í höndum annarra, þó að stjórnvöld geti lagt því lið með samstarfi, samráði og samhæfingu þeirra aðila sem að því myndu koma. Stjórnvöld skulu einnig tryggja að allt það nám sem nýtur opinbers stuðnings eða vísað er á af opinberum aðilum uppfylli ákveðnar kröfur um upplýsingar um fyrirkomulag og markmið námsins.

Nefndin leggur til að stjórnvöld, í samráði við aðila vinnumarkaðarins og fræðsluaðila á almennum markaði, hugi að því að taka í notkun símenntunarpassa. Í slíkan passa yrði allt nám einstaklinga skráð á einum stað. Slíkt yrði til mikils hagræðis, ekki aðeins fyrir handhafa símenntunarpassans heldur einnig fyrir atvinnurekendur og ráðgjafa sem þannig geta haft yfirlit yfir staðfesta símenntun viðkomandi.

Dagur símenntunar

Lagt er til að stjórnvöld standi fyrir Degi símenntunar einu sinni á ári í fimm ár í samstarfi við þá aðila sem helst koma að símenntun. Tilgangurinn er að vekja athygli á mikilvægi menntunar allt lífið, stuðla að umræðu um símenntun og hvetja fyrirtæki og einstaklinga til aðgerða á þessu sviði. Nefndin leggur til að verkefnisstjórnin hugi að leiðum til að vekja athygli á þeim degi sem helgaður yrði símenntun, t.d. með samstilltu átaki þeirra aðila sem starfa að símenntun. Þetta gæti gerst með námsstefnu, ráðstefnu, sýningu eða öðru því sem henta þykir. Auk þess leggur nefndin til að á Degi símenntunar ár hvert verði sérstök viðurkenning veitt því fyrirtæki, félagi, stofnun eða öðrum sem best þykir hafa staðið sig í að auka símenntun á sínu sviði.

3. SÍMENNTUN - AFL Á NÝRRI ÖLD

ALMENNAR TILLÖGUR TIL AÐ AUKA SÍMENNTUN

Í þessum kafla koma fram tillögur nefndarinnar til að efla símenntun almennt. Umfjölluninni er skipt í átta undirkafla, og í hverjum þeirra er fjallað um viðfangsefni sem nefndin telur sérstaklega mikilvæg til að efla símenntun. Í fyrsta kafla er fjallað um mikilvægi þess viðhorfs að læra allt lífið. Í öðrum kafla er rætt um ábyrgð og verkaskiptingu í símenntun milli stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, vinnustaða og einstaklinga. Í þriðja kafla er fjallað um mikilvægi grunnmenntunar fyrir símenntun og breyttar áherslur í grunn- og framhaldsskólum. Í fjórða kafla er rætt um fullorðinsfræðslu, einkum í framhalds- og háskólum. Í fimmta kafla er fjallað um símenntun sem sóknarfæri starfsfólks og fyrirtækja og í sjötta kafla um forsendur þess að hér á landi nái fjölbreyttur fræðslumarkaður fótfestu. Í sjöunda kafla er rætt um aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf og í áttunda og síðasta kafla er fjallað um öfluga símenntun að tilstuðlan upplýsingatækni.

3.1 Að læra allt lífið

Það viðhorf hefur lengi verið ríkjandi að námi ljúki þegar einstaklingur lýkur hefðbundnu skólanámi og að sú menntun nýtist út ævina. Nýir tímar krefjast nýrra viðhorfa og nýrra áherslna. Líklegt er að í framtíðinni verði næsta ómögulegt að afla sér þekkingar til nokkurs starfs sem endist út ævina. Örar breytingar í tækni, starfs- umhverfi og lífsmynstri almennt kalla á að einstaklingar bæti sífellt við þekkingu sína og þjálfun. Menntun er þannig auðlind og fjárfesting til framtíðar sem getur bætt afkomu einstaklinga, fyrirtækja og samfélagsins í heild.

Símenntun þarf að efla í íslensku samfélagi. Það verður ekki gert nema viðhorf og ekki síst viðhorf atvinnulífs og einstaklinga breytist. Þekking og þjálfun sem stenst kröfur samtímans getur tryggt einstaklingum þau tækifæri sem nauðsynleg eru til að fjölga tækifærum sínum almennt og á vinnumarkaði. Þessu viðhorfi þarf skólakerfið að skila til nemenda sinna. Einnig er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins kynni fyrir umbjóðendum sínum hvers virði símenntun er nútíma atvinnulífi. Símenntun eykur ekki aðeins hæfni stjórnenda og starfsfólks til að takast á við störf sín, heldur getur símenntun einnig aukið framleiðni, sveigjanleika og skilvirkni á vinnustað. Þannig stuðlar hún að meiri lífsgæðum einstaklinga og samfélagsins í heild. Flest bendir til að fjárfesting í þekkingu og þjálfun starfsfólks verði jafn mikilvæg í rekstri fyrirtækja og fjárfesting í öðrum þáttum er tryggja arðbæran rekstur. Síðast en ekki síst getur öflug símenntun skilað sér í auknum hagvexti samfélaga og haft áhrif á samkeppnishæfni þeirra.

Áherslur:

- Að landsmenn tileinki sér það viðhorf að menntun sé æviverk og ferli sem varir allt lífið.
- Að skilningur á mikilvægi símenntunar aukist almennt – einkum í atvinnulífi og hjá einstaklingum.

Tillögur:

- Mikilvægt er að leggja traustan grunn að símenntun í skólum landsins. Lagt er til að skólar gangi út frá því í starfi sínu að námi ljúki aldrei og að skólanám sé hluti af símenntun allt lífið. Stuðla þarf að því að strax á fyrstu skólastigum tileinki nemendur sér slík viðhorf.
- Í öllu skólastarfi er nauðsynlegt að leggja áherslu á að nemendur tileinki sér sjálfstæði og frumkvæði í námi. Nemendur þurfa einnig að öðlast leikni í að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim. Slíkar áherslur hvetja til aukinnar þekkingaröflunar.
- Í símenntun á neytandinn að hafa meiri áhrif en veitandinn. Þarfir og kröfur þeirra sem þjónustuna þiggja eiga að ráða mestu. Hið almenna skólakerfi og aðrir fræðsluaðilar þurfa að taka mið af þessum viðhorfum.
- Með aukinni símenntun munu skil á milli formlegrar og óformlegrar menntunar minnka. Námsfyrirkomulag, námsleiðir og námsmat þurfa að taka aukið mið af þessu.
- Mikilvægt er að samtök atvinnurekenda og launafólks leggi áherslu á að kynna umbjóðendum sínum markvisst mikilvægi stöðugrar símenntunar á vinnumarkaði.
- Með sérstöku átaki til að efla símenntun gefst stjórnvöldum, í samráði við fræðsluaðila, aðila vinnumarkaðarins og aðra, tækifæri til að auka skilning á mikilvægi símenntunar.

3.2 Ábyrgðin á símenntun er allra

Nú á tímum eru gerðar meiri kröfur til menntunar fólks en áður hefur tíðkast. Aukin alþjóðasamskipti, örar tæknibreytingar og breyttir atvinnuhættir kalla á þetta. Það getur því enginn sem vill vera virkur þátttakandi í nútíma samfélagi skorast undan þeirri ábyrgð að taka þátt í símenntun. Ekki er hægt að segja að einn aðili beri ábyrgð á símenntun umfram aðra í samfélaginu. Það varðar alla að efla símenntun og þar bera allir ábyrgð - stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins, stofnanir, fyrirtæki og ekki síst einstaklingarnir sjálfir.

Símenntun getur bæði verið almenn og starfstengd. Til einföldunar má segja að símenntun skiptist í fjóra meginflokk;

- a) símenntun sem fer fram innan hefðbundna skólakerfisins,
- b) símenntun sem lýtur að þjálfun í tilteknu starfi á tilteknum vinnustað,
- c) símenntun sem styrkir einstaklinga til ólíkra starfa,
- d) símenntun sem einstaklingur stundar sér til ánægju og almenns þekkingarauka.

Sú menntun sem fer fram innan skólakerfis er að stærstum hluta á ábyrgð stjórnvalda, þó að fleiri geti og eigi að veita slíka menntun; sú menntun sem einungis nýtist í þágu ákveðins vinnustaðar er á ábyrgð atvinnurekandans; og sú menntun sem einstaklingur sækir til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði almennt eða sér til ánægju er á ábyrgð einstaklingsins sjálfs. Það breytir því þó ekki að hagsmunir þessara aðila skarast og fara oft en ekki saman. Ábyrgðin á símenntun er því sameiginleg.

Áherslur:

- Að allir gangist við sameiginlegri ábyrgð á símenntun - þ.e. stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins, samtök atvinnugreina, vinnustaðir og einstaklingar.
- Að ríki, sveitarfélög, menntastofnanir, aðilar vinnumarkaðarins og aðrir sem koma að símenntun hafi með sér samstarf og samráð.
- Að verkaskipting sé skýr milli þeirra sem koma að símenntun.
- Að aðilar vinnumarkaðarins semji sérstaklega um réttindi og skyldur að því er varðar símenntun á vinnumarkaði.

Tillögur:

- Nauðsynlegt er að ábyrgð á símenntun sé skýr innan stjórnkerfisins. Því er lagt til að menntamálaráðuneyti fari með yfirumsjón í málefnum símenntunar og beri ábyrgð á málaflokknum að því er varðar heildarstefnumótun, söfnun og skráningu upplýsinga og eftirlit. Einstök ráðuneyti skulu áfram hafa umsjón með þeirri símenntun sem undir þau heyrir.
- Mælt er með því að meginreglan í símenntun sé sú að þeir sem njóta hennar greiði fyrir hana. Hagsmunir ólíkra aðila geta þó farið saman og er þá nauðsynlegt að huga að sameiginlegri ábyrgð.
- Stærsta hlutverk stjórnvalda í símenntun er að tryggja góða almenna menntun, þó að fleiri en stjórnvöld geti og eigi að koma að slíkum rekstri.

- Mikilvægt er að stjórnvöld hvetji til þess að framboð og þátttaka í símenntun aukist. Þetta er hægt að gera í gegnum skólakerfið, en einnig með sérstakri áherslu á málaflokkinn og þá hópa sem síst virðast sækja símenntun. Ábyrgð stjórnvalda felst þó ekki í því að tryggja öllum aðgang að fjölbreyttri símenntun, þar sem mikill hluti hennar fer fram á almennum markaði og á vettvangi vinnustaða.
- Lagt er til að stjórnvöld stuðli að frekara samstarfi ólíkra aðila sem koma að símenntun, þ.e. aðila vinnumarkaðarins, skóla, sveitarstjórna, fyrirtækja o.s.frv. Þetta er mikilvægt til að símenntun nái sem víðast fótfestu, en einnig til að húsnaði, kennslukraftar og námsefni nýtist með markvissum hætti.
- Ábyrgð ríkisins er sú sama og annarra vinnuveitenda að því er varðar símenntun starfsfólks í þjónustu þess.
- Nauðsynlegt er að ítarlegri upplýsingar séu fyrirliggjandi um það fjármagn sem stjórnvöld leggja til símenntunar.
- Lagt er til að aðilar vinnumarkaðarins móti sameiginlega menntastefnu þar sem framtíðaráherslur og markmið atvinnurekenda og launafólks eru settar fram. Skýr stefnumörkun í menntamálum af hálfu þeirra heildarsamtaka sem semja um kaup og kjör á vinnumarkaði mun auðvelda alla uppbyggingu á sviði símenntunar og treysta þær stoðir sem einstaklingar og fyrirtæki geta byggt á.
- Aðilar vinnumarkaðarins koma að samningum um kaup og kjör á vinnumarkaði og á þeim vettvangi er eðlilegast að samið sé um réttindi og skyldur launafólks og/eða fyrirtækja til menntunar og þjálfunar á vinnumarkaði.
- Lagt er til að aðilar vinnumarkaðarins skoði þann kost að tekin verði ákveðin upphæð sem hlutfall að launum og lagt í símenntunarsjóði sem launafólk og fyrirtæki geta sótt í. Einnig er lagt til að aðilar vinnumarkaðarins skoði í samningum sínum sérstök réttindi starfsfólks til að stunda símenntun. Slík réttindi gætu t.d. verið bundin við ákveðinn fjölda klukkustunda sem starfsfólk hefði rétt á til að sækja símenntun á ári hverju.
- Mikilvægt er að samtök atvinnurekenda upplýsi eigendur og stjórnendur fyrirtækja enn frekar um mikilvægi símenntunar og hvetji þannig til aukinnar fjárfestingar í menntun og þjálfun.
- Mikilvægt er að samtök launafólks upplýsi umbjóðendur sína um réttindi þeirra og skyldur að því er varðar símenntun og hvetji starfsfólk til að afla sér menntunar og þjálfunar.
- Stefnit skal að því að sjálfstæði og frumkvæði í fræðslustarfi fyrirtækja aukist. Einstakir vinnustaðir bera ábyrgð á að mennta og þjálfa starfsfólk sitt í samræmi við þarfir starfseminnar. Þegar um sérhæfða menntun er að ræða eða menntun sem nýtist starfsfólki aðeins í tilteknu starfi hjá ákveðnum vinnuveitenda, er það á ábyrgð viðkomandi vinnustaðar að veita þá menntun á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.

- Mikilvægt er að starfsfólk nýti sér rétt sinn og möguleika á símenntun jafnt á vinnustað sem utan hans. Starfsfólk þarf einnig að hvetja vinnuveitendur og stjórnendur til að efla símenntun sé á því þörf til að starfsfólk geti betur sinnt starfi sínu og tileinkað sér nýjungar á því sviði.
- Símenntun veitir einstaklingum aukin tækifæri til að móta eigin námsferil, um leið og hún eykur ábyrgð þeirra á eigin menntun. Einstaklingar eiga að nýta sér þau tækifæri og bæta jafnt og þétt við þekkingu sína á því sviði sem þeir kjósa og við þær aðstæður sem þeim hentar best.

3.3 Góð almenn menntun er forsenda símenntunar

Góð undirstöðumenntun tryggir öflugna símenntun. Ýmsar rannsóknir benda til að því meiri menntun sem einstaklingur hefur þeim mun meiri líkur eru á að símenntun verði samofin lífi hans og starfi. Aðgerðir flestra nágrannaþjóða til að efla símenntun miða að því að hækka menntunarstig þjóðarinnar og styrkja almenna undirstöðumenntun.

Íslenskt skólakerfi verður að vera samkeppnishæft við það besta sem þekkist. Stefna skal að því að hlutfallslega jafn margir útskrifist hér landi úr framhaldsskólum og gerist meðal þeirra þjóða sem best standa í þessu tilliti. Til að svo megi verða þarf að veita menntun aukinn forgang og tryggja að það nám sem er í boði sé í samræmi við kröfur og þarfir neytandans. Í nýlegri umfjöllun OECD (1997a) kemur fram að innan íslenska skólakerfisins sé lítil sem engin samkeppni, ekki nægilegt framboð starfsnáms og að meiri skilvirkni sé þörf. Þar er því einnig haldið fram að mikilvægt sé að veita almenningi betri upplýsingar um árangur skólastarfs, efla samstarf atvinnulífs og skóla og auka virðingu fyrir starfsnámi. Þetta eru allt atriði sem íslenska skólakerfið þarf að taka tillit til.

Til að efla símenntun þarf einnig að leggja meiri áherslu á sveigjanleika og fjölbreytileika í námi og kennsluháttum. Ábyrgð og sjálfstæði skóla þarf að aukast, án þess þó að vikið sé frá skilgreindum markmiðum og kröfum á hverju skólastigi. Gera þarf auknar kröfur um árangur í skólastarfi, bæði hjá þeim sem veita þjónustuna og þeim sem þiggja hana. Sérstaklega er mikilvægt að fjölga námsleiðum í starfsnámi og einkum stuttum starfstengdum brautum. Einnig þarf að efla samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja að námið svari sem best kröfum atvinnulífsins. Nemendur þurfa að sjá sér hag í því að auka stöðugt við menntun sína. Mikilvægur þáttur í því er að menntun sé metin á vinnumarkaði.

Áherslur:

- Að fleiri ljúki framhaldsskólanámi. Stefnt skal að því að árið 2010 hafi Ísland náð því hlutfalli að um 85% árgangs ljúki námi á framhaldsskólastigi hvort sem er af styttri eða lengri námsbrautum.

- Að auka fjölbreytni í námsvali og námsfyrirkomulagi á framhaldsskólastigi.
- Að efla samstarf atvinnulífs og skóla um inntak náms og starfsþjálfun.
- Að skólakerfið lagi sig frekar að kröfum símenntunar.

Tillögur:

- Mikilvægt er að tengja grunnskólann sem best almennu umhverfi nemenda. Nám þarf að vera eðlilegur og sjálfsagður hluti af lífi einstaklingsins frá upphafi. Ætla má að slíkt muni skjóta styrkari stoðum undir símenntun.
- Æskilegt er að strax í grunnskóla sé lögð áhersla á að tengja menntun störfum á vinnumarkaði. Þetta er t.d. hægt að gera með frekari tengingu náms og námsefnis við atvinnulífið, ásamt skipulagðri fræðslu og kynningu á ólíkum sviðum atvinnulífsins.
- Mikilvægt er að sjálfstæði og ábyrgð skóla á öllum skólastigum aukist, án þess að vikið sé frá þeim kröfum sem gerðar eru til skóla um gæði þeirrar undirstöðumenntunar sem þeir veita. Samhliða skólum reknnum af ríki og sveitarfélögum er mikilvægt að einkaaðilar og félagasamtök reki skólastofnanir, enda getur slíkt tryggt frekari fjölbreytni og samkeppni í skólakerfinu.
- Leitast skal við að tryggja sem mesta samfellu í námsskipulagi þannig að skil á milli skólastiga verði sem minnst. Þetta má t.d. gera með skýrum markmiðum í námskrám, þar sem öllum er gert ljóst að hverju er stefnt og hvaða kröfur eru gerðar á hverju skólastigi.
- Leita þarf leiða til að tryggja að sem flestir finni nám við hæfi innan skólakerfisins. Fjölga þarf námsleiðum og auka val, sérstaklega að því er varðar starfsnám eigi markmiðið um fjölgun þeirra sem ljúka námi á framhaldsskólastigi að nást.
- Námsfyrirkomulag á framhaldsskólastigi þarf að vera sveigjanlegt og taka aukið mið af kröfum símenntunar.
- Æskilegt er að stytta þann tíma sem tekur að ljúka stúdentsprófi, án þess að vikið sé frá þeim kröfum sem gera á til nemenda sem lokið hafa slíku námi. Lengra skólaár getur tryggt betri samfellu í skólastarfi. Þannig mætti fækka námsárum og tryggja betri nýtingu námstíma.
- Nauðsynlegt er að efla samstarf og samráð atvinnulífs og skóla. Þetta er hægt að gera með öflugum upplýsinga- og skoðanaskiptum og stuðla þannig að betri árangri, meiri skilvirkni og framleiðni á vinnumarkaði og í skólakerfinu.
- Mikilvægt er að atvinnulífið hafi meiri áhrif á menntun og skólastarf almennt til að námið fylgi sem best þeirri þróun sem er á vinnumarkaði. Samstarfsnefnd um starfsmenntun á framhaldsskólastigi er vettvangur slíks samstarfs. Mikilvægt er

að boðleiðir á milli atvinnulífs og skólakerfis séu skýrar og tryggi einfalda og fljótvirka leið upplýsinga á báða bóga. Í starfsgreinaráðum getur atvinnulífið með öflugum hætti komið sérstökum áherslum sínum á framfæri í undirstöðumenntun og símenntun.

- Nauðsynlegt er að atvinnulífið sýni vilja til að auka tengsl atvinnulífs og skóla með því að meta menntun á vinnumarkaði. Meiri menntun þarf að skila fólki með einhverjum hætti bættri stöðu á vinnumarkaði til þess að einstaklingar meti góða menntun sem raunhæfa og arðbæra leið.

3.4 Öflug fullorðinsfræðsla í skólum - annað tækifæri

Fullorðinsfræðsla innan skólakerfis gegnir stóru hlutverki í símenntun. Í lögum er kveðið á um að allir skuli hafa aðgang að grunn- og framhaldsskólanámi. Sá réttur einstaklinga ætti ekki að fynrast með aldrinum. Það er ein stærsta skylda stjórnvalda á sviði símenntunar að veita einstaklingum sem luku ekki slíku námi á yngri árum annað tækifæri til slíks ef þeir kjósa síðar á lífsleiðinni. Annað tækifæri fullorðinna til náms er ekki aðeins mikilvægt fyrir einstaklinginn sjálfan, heldur getur öflug fullorðinsfræðsla einnig falið í sér aukin sóknarfæri fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild.

Mikilvægt er að fólk geti fengið þá þekkingu og færni sem það hefur aflað sér með starfsreynslu, sjálfsnámi, á námskeiðum eða í félagsstarfi metna til styttingar á náms tíma í framhaldsskóla. Þó skal ekki vikið frá þeirri grundvallarreglu að slíkt mat skerði ekki þá þekkingu sem krafist er við námslok. Í öldungadeildum í framhaldsskólum mætti auk hefðbundins náms bjóða nám sem sniðið er að þörfum eldri nemenda, enda eru þarfir þeirra aðrar en nemenda sem stunda nám í dagskóla. Mikilvægt er að efla nám í öldungadeildum á landsbyggðinni.

Ef Ísland ætlar að vera samkeppnishæft við aðrar þjóðir þarf hlutfall þeirra sem ljúka háskólanámi að hækka. Sveigjanlegri tækifæri fólks á vinnumarkaði til að stunda háskólanám með vinnu gætu tryggt slíka þróun. Á síðari árum hafa skapast ný tækifæri fyrir fólk á vinnumarkaði til að stunda nám á háskólastigi utan hefðbundins vinnutíma með tilkomu fjarnáms. Þetta er nýlunda hér á landi og má búast við því að á allra næstu árum opnast enn frekari tækifæri á því sviði.

Áherslur:

- Að einstaklingum sem ekki hafa lokið grunnskólanámi standi til boða annað tækifæri til þess.
- Að fullorðnir hafi aðgang að fjölbreyttu námi óháð búsetu.
- Að nám og kennsla fullorðinna taki mið af þörfum þeirra og kröfum.

- Að til staðar sé öflug og markviss ráðgjöf í fullorðinsfræðslu og bætt verði aðgengi að upplýsingum um námsframboð og námsleiðir.
- Að þekking og starfsreynsla fullorðinna sé metin ef við á til styttingar á námi í framhaldsskóla án þess að slegið sé af námskröfum.
- Að nám á háskólastigi taki aukið mið af þörfum og aðstæðum fólks á vinnumarkaði.
- Að upplýsingatækni sé nýtt í fullorðinsfræðslu innan skólakerfisins.

Tillögur:

- Mikilvægt er að fullorðnir sem ekki hafa lokið grunnskólanámi geti gert það ef þeir kjósa. Lagt er til að í boði verði samræmd próf úr námsefni grunnskóla sem fullorðnum gefst kostur á að ljúka. Einstaklingar gætu stundað sjálfsnám til að búa sig undir próf eða leitað aðstoðar á námskeiðum. Með þessu gætu opnast fleiri tækifæri fyrir fullorðna á símenntun í framhaldsskóla og á almennum markaði.
- Auka þarf fjölbreytni í námsframboði öldungaeilda. Sérstaklega er mikilvægt að val í starfsnámi verði aukið, t.d. í formi styttra starfsnáms, þar sem ætla má að slíkt hentaði mörgum fullorðnum sem styrkja vilja stöðu sína á vinnumarkaði.
- Nauðsynlegt er að námsfyrirkomulag í fullorðinsfræðslu sé sveigjanlegt. Kennslustundafjöldi og námshraði þurfa að taka mið af ólíkum þörfum og stöðu þeirra einstaklinga sem sækja nám í öldungaeildum, þar sem þeir eru oft komnir mislangt í námi.
- Lagt er til að í öldungaeildum framhaldsskóla standi fullorðnum til boða sérstakt undirbúningsnámskeið fyrir frekara nám innan skólakerfisins eða utan þess. Kennnd verði undirstöðuatriði í námstækni og notkun tölvu, veittar upplýsingar um símenntun, auk þess sem í boði verði stöðumat og námsráðgjöf.
- Efla þarf náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna í skólum, í fullorðinsfræðslu-miðstöðvum og hjá vinnumiðlunum. Í einstaklingsbundinni ráðgjöf, sem veitt er af fagaðilum, verði lögð áhersla á að meta undirstöðuþekkingu fólks þannig að það geti betur valið námsleiðir við hæfi.
- Til að fleiri ljúki framhaldsskólanámi er nauðsynlegt að efla stöðumat í skólum. Meta þarf með stöðuprófum þá þekkingu og færni sem fullorðnir hafa aflað sér s.s. í starfi, á námskeiðum og í gegnum sjálfsnám til styttingar á námstíma. Stytting náms vegna mats á fyrra námi eða starfsreynslu má þó ekki verða til þess að skerða á nokkurn hátt þá þekkingu og færni sem nemandi á að hafa tileinkað sér við lok námsins samkvæmt námskrá.
- Starfsþjálfun á skólaverkstæði eða í atvinnulífinu er hluti af námi á flestum starfsmenntabrautum. Mikilvægt er að nemendur á starfsmenntabrautum með mikla starfsreynslu á viðkomandi sviði geti fengið starfsþjálfunartíma sinn styttnan.

Því þurfa þeir að eiga kost á stöðumati á verklegri færni til styttingar á starfsþjálfunartíma.

- Lagt er til að starfshópi verði falið að útfæra tillögur um framtíðarfyrirkomulag matskerfis í framhaldsskólum. Í starfi sínu taki hópurinn mið af reynslu nágrannaþjóða á þessu sviði.
- Mikilvægt er að auka framboð á fullorðinsfræðslu í framhaldsskólum á landsbyggðinni og ýta þar undir stofnun símenntunarmiðstöðva.
- Lagt er til að í kennaranámi verði lögð sérstök áhersla á þjálfun til að kenna fullorðnum nemendum.
- Mikilvægt er að leggja á það áherslu, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi, að auðvelda fullorðnum að sækja nám í skólum á þeim tíma sem þeim hentar best, hvort sem það er að degi eða kvöldi til.
- Ef meiri sveigjanleiki og val fyrir nemendur fela í sér viðbótarkostnað fyrir skólana er eðlilegt að þeir sem njóta þjónustunnar taki þátt í þeim kostnaði.
- Mikilvægt er að framhaldsskólar og háskólar verði „opnari“ en nú er til að þeir standast kröfur símenntunar. Samstarf á milli skóla má auka svo að einstaklingar eigi kost á að stunda nám í mismunandi skólum þótt þeir útskrifist úr einum skóla.
- Stefnt skal að því að gera nám á háskólastigi aðgengilegra fyrir fólk á vinnumarkaði. Í því sambandi er mikilvægt að fjölga námsleiðum á háskólastigi, einkum styttra námi, auk þess sem fullorðnum þarf að standa til boða að stunda háskólanám utan hefðbundins kennslutíma.
- Upplýsingatækni skapar ný tækifæri í símenntun. Nauðsynlegt er að skólakerfið tileinki sér þessa tækni í ríkum mæli og tryggi að þau sóknarfæri sem upplýsingatækni felur í sér að því er varðar menntun nýtist jafnt yngri sem eldri nemendum.

3.5 Símenntun sem sóknarfæri starfsfólks og fyrirtækja

Flestar nágrannaþjóðir okkar leggja í stórauðnum mæli áherslu á að efla símenntun á vinnumarkaði. Athuganir sýna að hér á landi er sömu áherslna þörf. Í samantekt World Economic Forum (1996) kemur fram að Ísland er í 44. sæti af 49 þjóðum þegar mælt er umfang starfstengdrar símenntunar í fyrirtækjum. Þótt aðrar athuganir sýni ekki alveg svo slæma stöðu gefa þær allar vísbendingar um að aðgerða sé þörf til að bæta menntun í íslensku atvinnulífi. Slíkt getur þó reynst flóknara hér á landi en víða annars staðar. Í samanburði við nágrannaþjóðirnar eru íslensk fyrirtæki til að mynda mjög smá, en athuganir sýna að smærri fyrirtæki sinna símenntun síður en stærri fyrirtæki. Að auki er atvinnulíf hér á landi að mörgu leyti einhæfara en gerist í

nágrannalöndum okkar. Slík uppbygging atvinnulífs, þar sem mikill hluti starfsfólks starfar í undirstöðu- og framleiðslugreinum, virðist síður kalla á stöðuga endurnýjun þekkingar og þjálfunar. Þessi einkenni íslensks atvinnulífs geta að hluta útskýrt ónóga áherslu á símenntun á vinnumarkaði, en breyta þó engu um þá staðreynd að úrbóta er þörf ætli Ísland að vera samkeppnishæft með vörur sínar og þjónustu á alþjóðlegum markaði.

Árið 1992 voru samþykkt lög um starfsmenntun í atvinnulífinu. Frá þeim tíma hefur úthlutun opinberra styrkja til símenntunar á vinnumarkaði verið í höndum starfsmenntaráðs, sem starfað hefur á vegum félagsmálaráðuneytisins. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að starfsmenntasjóður úthluti 50 milljónum króna. Þeir sem hafa rétt á að sækja um þessa styrki eru; samtök atvinnurekenda og launafólks, einstök atvinnufyrirtæki, einkaaðilar og opinberir aðilar sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina og samstarfsverkefni tveggja eða fleiri framangreindra aðila. Á þeim 5 árum sem löggin um starfsmenntun í atvinnulífinu hafa verið í gildi hefur mjög stórum hluta fjármagnsins verið úthlutað til samtaka atvinnurekenda og launafólks, starfsmenntaráða einstakra atvinnugreina eða fræðsluaðila sem staðið hafa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu.

Raunverulegur árangur í að auka símenntun á vinnumarkaði er háður því að hvatinn til að fjárfesta í menntun og þjálfun sé sem næst notandanum sjálfum, þ.e. fyrirtækjum, stofnunum og starfsfólki. Af þeim ástæðum er mælt með því að sá sveigjanleiki sem er í lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu verði nýttur að fullu og leitast verði við að fjölga umsóknum beint frá fyrirtækjum. Með auknum stuðningi beint til fyrirtækja verður áherslan í símenntun einnig fremur í anda þeirra breytinga sem líklega verða á símenntun á komandi árum, þar sem hefðbundin námskeið utan vinnustaða munu í ríkari mæli víkja fyrir vinnustaðamiðuðu námi með aðstoð fjarnáms og sjálfsnáms. Símenntun í atvinnulífi mun þannig í ríkari mæli fara fram innan vinnustaðanna sjálfra og sókn í hefðbundin námskeið minnka. Þetta mun tryggja aukið hagræði og nánari tengsl náms og þjálfunar við aðstæður á hverjum stað. Ætla má að þessar breytingar auki enn frekar tækifæri vinnustaða til að bjóða starfsfólki sínu símenntun. Stjórnvöld þurfa að hvetja til slíkrar þróunar og það má gera í gegnum starfsmenntaráð, með jafn mikilli áherslu á stuðning beint til einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa og fræðsluaðila eða samtaka stéttarfélaga. Einnig þarf að leggja sérstaka áherslu á stuðning við atvinnugreinar sem síst sækja í símenntun.

Fyrst og fremst er það atvinnulífsins sjálfs að efla þátttöku fyrirtækja og starfsfólks í símenntun. Símenntun verður ekki mikilvægur þáttur í íslensku atvinnulífi nema fyrirtæki og launafólk sjái sér beinan hag af því að leggja fjármagn og tíma í slíkt. Það mun ekki ganga að hvetja fyrirtæki til að senda starfsfólk sitt í nám sem aðrir en fyrirtækin sjálf og starfsfólk hefur sóst beint eftir. Nauðsynlegt er að leita nýrra leiða til að hvetja fyrirtæki til að fjárfesta í menntun starfsfólks. Sú hvatning á ekki einungis að koma frá stjórnvöldum. Mun mikilvægara er að hún komi frá atvinnulífinu sjálfu.

Áherslur:

- Að samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs verði eflað með öflugri símenntun sem byggir á góðri grunnmenntun og þjálfun á vinnumarkaði.
- Að stuðningur stjórnvalda við símenntun verði skýrari og markvissari og hafi það að meginmarkmiði að nýtast fyrirtækjum og starfsfólki beint.
- Að starfsmenntaráð leggi sérstaka áhersla á að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki enn frekar til uppbyggingar símenntunar.
- Að starfsmenntaráð leggi sérstaka áherslu á að efla símenntun í starfsgreinum, starfsstéttum eða atvinnugreinum sem síst virðast leita eftir aukinni menntun.
- Að fyrirtæki og stofnanir móti í ríkari mæli eigin símenntunarstefnu.
- Að starfsfólk nýti í ríkari mæli tækifæri til símenntunar á vinnumarkaði.

Tillögur:

- Áfram skal styðja við símenntun á vinnumarkaði í samræmi við lög um starfsmenntun í atvinnulífnum nr. 19/1992. Nauðsynlegt er að leggja aukna áherslu á kynningu þess starfs sem unnið er í samræmi við lög, þar sem þessi stuðningur stjórnvalda virðist ekki ljós öllum aðilum á vinnumarkaði.
- Lagt er til að starfsmenntaráð breyti ákveðnum áherslum í sínu starfi. Stefnt skal að því að sem breiðastur hópur umsækjanda hljóti styrk frá sjóðnum, en til að svo megi verða þarf að leitast við að fjölga umsóknum beint frá fyrirtækjum og stofnunum.
- Fyrirtæki, stofnanir, starfsgreinar eða fræðsluaðilar sem sækja um styrki til starfsmenntaráðs skulu áfram leggja fram rökstudda umsókn þar sem markmiðum verkefnisins er lýst, ásamt greinargerð um árangur að verki loknu. Meginreglan við úthlutun styrkja er að áfram skal krefjast framlags umsækjendanna sjálfra, þar sem starfsmenntaráð kemur með framlag á móti þeirri upphæð.
- Lagt er til að næstu fimm ár leggi starfsmenntaráð sérstaka áherslu á stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki, enda er símenntunar og þjálfunar mest þörf þar. Kynna þarf þessum fyrirtækjum mögulegan stuðning til að skipuleggja fræðslustarf og hvetja þau til að móta eigin fræðslustefnu og stofna til aðgerða á því sviði.
- Lagt er til að næstu fimm ár verði lögð sérstök áhersla á stuðning við starfsstéttir og/eða starfsgreinar sem síst virðast taka þátt í símenntun. Þessar greinar eru t.d. í iðnaði, byggingarstarfsemi, fiskiðnaði, verslun, matvælaíðnaði og almennum þjónustustörfum. Einnig er ljóst að starfsstéttir þar sem lítillar undirstöðu-menntunar er krafist standa verr að vígi en aðrar og að þeim hópum þarf að huga sérstaklega.

- Skoða þarf að veita þeim fyrirtækjum sem hljóta styrk í gegnum starfsmenntaráð sérstaka viðurkenningu/vottun þegar þau hafi náð tilætluðum árangri. Miða má við að skýr markmið um útkomu séu í umsókn um styrk og fyrir liggi gögn sem skýra að þeim markmiðum hafi verið náð. Slík vottun feli í sér yfirlýsingu um að umrætt fyrirtæki sinni símenntun starfsfólks með fullnægjandi hætti.
- Lagt er til að skoðaðar verði leiðir helstu nágrannapjóða okkar til að efla símenntun í atvinnulífinu. Í því sambandi er t.d. bent á leið Breta sem kallast „Fjárfesting í fólki“. Þar hefur tekist vel að hvetja fyrirtæki til að fjárfesta frekar í menntun starfsfólks. Meginkostur þeirrar leiðar er að hún stuðlar að frelsi fyrirtækja til að móta eigin menntastefnu, um leið og gerð er krafa um ábyrgð og skuldbindingu af þeirra hálfu. Auk þess virðist hún hafa komið vel til móts við þarfir meðalstórra og smærri fyrirtækja.
- Lagt er til að skoðaður verði með markvissum hætti sá opinberi stuðningur sem veittur er til náms og fræðsluaðila á vinnumarkaði í þeim tilgangi að athuga hvort hægt er að nýta þann stuðning betur. Ýmsir fræðsluáðilar fá reglubundinn stuðning til fræðslu og námskeiðahalds. Slíkur stuðningur við ákveðna fræðsluáðila getur falið í sér ójafna samkeppnisstöðu á almennum markaði og í því ljósi þarf að meta stuðning stjórnvalda. Einnig þarf með eftirfylgni að tryggja að sá opinberi stuðningur sem veittur er til símenntunar á vinnumarkaði nýtist sem best starfsfólki, fyrirtækjum og samfélagi.
- Efla þarf símenntun meðal atvinnulausra. Lögð er áhersla á að unnið verði í samræmi við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru með lögum um atvinnuleysis-tryggingar nr. 12/1997 og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997. Vænta má að í þeim úrræðum felist aukið frelsi atvinnulausra til að velja sér nám í samræmi við eigin áætlanir og þarfir. Um leið mun ábyrgð hins atvinnulausa aukast, enda er gert ráð fyrir að hver einstaklingur setji sér eigin starfsleitaráætlanir sem hann miðar nám sitt við. Þetta voru tímabærar breytingar. Ljóst er að fyrri úrlausnir, aðallega í formi námskeiða sem atvinnulausum var gert skylt að sækja til að halda bótarétti, skiluðu ekki tilætluðum árangri.
- Mikilvægt er að aðilar vinnumarkaðarins, ákveðnar atvinnugreinar og starfsstéttir hvetji fyrirtæki, stofnanir og starfsfólk til að tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með aukinni áherslu á menntun og þjálfun.
- Hingað til hafa aðgerðir fyrirtækja til að styrkja samkeppnishæfni sína og framleiðni einkum miðað að fjárfestingu til að auka hagkvæmni og tækni. Nú þurfa fyrirtæki að huga að aðgerðum á fleiri sviðum. Þar er símenntun og þjálfun stjórnenda og starfsfólks mjög mikilvæg.
- Lagt er til að fyrirtæki á almennum markaði taki í ársskýrslum sínum fram þann kostnað sem lagður er í símenntun innan fyrirtækisins. Sú nýjung mun gefa fjárfestum, viðskiptavinum og öðrum gleggri mynd af stöðu fyrirtækisins og áherslum þess til framtíðar.
- Mikilvægur þáttur í fræðslustarfi fyrirtækja er að huga sérstaklega að nýliðum og veita þeim sem hefja störf viðeigandi starfsþjálfun í upphafi starfstímans.

- Nauðsynlegt er að haft sé samráð við starfsfólk um uppbyggingu fræðslustarfs og mótun fræðslustefnu fyrirtækis. Slíkt samvinna stjórnenda og starfsfólks tryggir þátttöku flestra á vinnustað og er líkleg til að skila árangri.
- Litlir og meðalstórir vinnustaðir sem hafa ekki burði til að sinna símenntun einir ættu að stofna til fræðslusamstarfs. Slíkt samstarfsnet fyrirtækja getur skilað sér vel til fyrirtækja sem starfa á svipuðum eða sama vettvangi og vilja efla símenntun starfsfólks. Skipulag slíks starfs getur farið fram innan fyrirtækjanna sjálfra, en einnig með aðstoð fræðsluráða innan starfsgreina, stéttarfélaga, samtaka atvinnu-rekenda og annarra fræðslustofnana.
- Litlum og meðalstórum vinnustöðum sem eiga erfitt með að senda starfsfólk frá á vinnutíma er bent á þann kost að tilnefna einn lykilstarfsmann í málefnum símenntunar. Sá starfsmaður gæti aflað sér fræðslu, annaðhvort með sjálfsnámi eða hjá fræðsluaðila og miðlað þeirri þekkingu til annars starfsfólks á vinnustaðnum.
- Æskilegt er að starfsfólk á vinnustöðum sé hvatt til að tryggja eigin símenntun í starfi, þó að hún sé ekki í boði af hálfu fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem viðkomandi vinnur hjá. Réttindi og skyldur starfsfólks að því er varðar símenntun skulu háð samningum launþega og vinnuveitenda.
- Á Degi símenntunar á hverju ári í fimm ár skal veita viðurkenningu fyrir símenntun á vinnumarkaði. Þessi viðurkenning getur verið veitt fyrirtæki, félagi, stofnun eða öðrum þeim er koma að því að efla menntun og þjálfun á vinnumarkaði.

3.6 Fjölbreytt námsframboð tryggir val í símenntun

Mikilvægt er að framboð náms og fræðslu sé fjölbreytt og gott. Öflug símenntun byggir á því að sem flestir aðilar bjóði slíkt nám. Skólar, samtök, vinnustaðir og einstaklingar þurfa að koma að því. Símenntun utan opinbera skólakerfisins á þannig umfram allt að þróast og eflast á almennum markaði, þar sem þarfir neytandans móta eftirspurn og framboð.

Aðgengi að símenntun ræðst af ýmsum þáttum. Einn þáttur er gott framboð náms og þjálfunar, annar að fólk hafi upplýsingar um framboð og sá þriðji að fólk hafi tækifæri til þátttöku. Hér á landi hefur þróast nokkuð stór markaður í kringum nám af ýmsu tagi. Gera má ráð fyrir að á allra næstu árum stækki þessi fræðslumarkaður enn frekar og til verði öflugur atvinnuvegur þeirra fræðsluaðila sem bjóða einstaklingum og fyrirtækjum nám og þjálfun. Með þessari þróun mun upplýsingastreymi um framboð náms aukast og tryggja neytendum gleggri vitneskju um það sem í boði er.

Mikilvægt er að tryggja eðlilega samkeppnisstöðu fræðsluaðila á almennum markaði. Sá markaður á að fá að dafna án afskipta hins opinbera. Hins vegar er nauðsynlegt að

huga að því hvort koma þurfi á einhvers konar gæðaeftirliti til að tryggja að þeir fræðsluaðilar og það nám sem í boði er standist lágmarkskröfur til að tryggja ákveðna neytendavernd. Með aukinni eftirspurn eftir símenntun þarf að tryggja gæði þess sem í boði er. Opinber vottun eða gæðaeftirlit með námi á almennum markaði er hins vegar ekki ákjósanleg lausn, enda gæti slíkt dregið úr frumkvæði og hindrað nauðsynlegar framfarir og nýjungar. Huga þarf frekar að því að gæðaeftirlit verði tryggt á almennum markaði. Samhæfing og samræming sem flesta hlutaðeigandi aðila er í því sambandi nauðsynleg.

Þeir sem koma að fræðslu á almennum markaði þurfa að nýta til fulls nútíma tækni. Líklegt er að breytingar verði á því formi sem ríkjandi hefur verið í símenntun, þar sem áherslan verður frá hefðbundnum námskeiðum til sértækari leiða í símenntun, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Í þessu sambandi verður upplýsingatækni lykilatriði.

Áherslur:

- Að framboð símenntunar á almennum markaði sé gott og fjölbreytt.
- Að neytendum verði tryggð ákveðin vitneskja um gæði þess náms sem í boði er á almennum markaði.
- Að yfirlit um símenntun einstaklinga sé aðgengilegt.

Tillögur:

- Forsenda þess að hér geti blómstrað öflug atvinnugrein sem byggir á framboði símenntunar er að fræðsluaðilar búi við svipuð rekstrarskilyrði á almennum markaði. Hið opinbera á ekki að búa svo að sterkri stöðu sinni á þessum markaði að það verði til þess að eðlileg þróun og samkeppni geti ekki orðið, enda er vöxtur öflugur fræðslumarkaðar undir því kominn.
- Umsjón nýrra verkefna á sviði símenntunar utan skólakerfisins er best komin í höndum einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka.
- Nauðsynlegt er að tryggja ákveðna neytendavernd að því er varðar símenntun með gæðaeftirliti eða gæðaviðmiði. Slíkt gæðaeftirlit felur í sér kröfu um að ákveðnar upplýsingar um viðkomandi fræðslu og/eða fræðslustofnun liggi fyrir eða að hægt sé að nálgast þær. Setja þarf reglur um þær lágmarksupplýsingar sem fræðsluaðilar þurfa að veita varðandi nám og námskeið. Slíkar upplýsingar þurfa m.a. að innihalda lýsingu á kennslufyrirkomulagi, kostnaði, leiðsögn, menntun kennara og hvernig námið nýtist þátttakendum. Stefna skal að því að slíkt gæðaeftirlit sé í höndum hlutaðeigandi aðila á almennum markaði, fremur en að opinberir aðilar sinni slíku.
- Hið opinbera getur lagt gæðaeftirliti lið með ákveðnum aðgerðum. Í fyrsta lagi með því að efla matskerfi framhaldsskóla þannig að einungis nám sem stenst

ákveðnar kröfur sé metið til styttingar á námi. Í öðru lagi með því að veita ekki opinberu fé til náms eða fræðsluaðila nema fyrir liggi lágmarksupplýsingar um námsfyrirkomulag og gæði náms. Í þriðja lagi þannig að opinberir ráðgjafaraðilar, á borð við skóla og vinnumiðlanir, mæli ekki með ákveðnu námi eða fræðsluaðilum nema fyrirbyggjandi séu samskonar lágmarksupplýsingar.

- Lagt er til að skoðað verði hagræði sérstaks símenntunarpassa fyrir einstaklinga. Í slíkan passa yrðu skráðar upplýsingar um nám og námskeið sem einstaklingar hafa sótt. Símenntunarpassinn getur aðstoðað fólk við að halda utan um þá menntun og þjálfun sem það hefur fengið og verið tæki til að gera áætlanir um frekara nám. Að auki mun slíkur símenntunarpassi auðvelda til muna alla ráðgjöf varðandi símenntun og tryggja atvinnurekendum greiðan aðgang að staðfestum upplýsingum um það nám sem væntanlegur eða fastur starfsmaður hefur sótt.
- Fræðsluaðilar á almennum markaði hugi að breytingum í símenntun á komandi árum þar sem áherslan mun í auknum mæli færast frá hefðbundnum námskeiðum til sjálfsnáms eða fjarnáms. Framboð á símenntun þarf að taka mið af því.

3.7 Aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf

Ein meginforsenda þess að þátttaka í símenntun aukist er gott aðgengi að upplýsingum um framboð náms og ráðgjöf um námsval. Upplýsingar og ráðgjöf fara saman þar sem upplýsingar eru lykillinn að því að hægt sé að veita fyrirtækjum og einstaklingum ráðgjöf sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Öflug starfs- og námsráðgjöf sem veitt er af fagaðilum er nauðsynlegur liður í þessu, þar sem staða og menntunarpörf fólks og fyrirtækja er metin samfara því sem bent er á mögulegar leiðir til að bæta við eða viðhalda eigin menntun. Á þetta skortir talsvert hér á landi.

Náms- og starfsráðgjöf hefur hingað til miðast nær eingöngu við nemendur í skólakerfinu. Fólki á vinnumarkaði hefur ekki staðið til boða markviss ráðgjöf á þessu sviði. Úr þessu þarf að bæta. Einnig þarf að vera til staðar öflug ráðgjöf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Í framtíðinni má búast við að símenntun starfsfólks verði stór þáttur í fjárfestingu fyrirtækja. Því er nauðsynlegt að vinnustaðir noti ráðgjöf til að meta hvers konar menntun henti þeim best og fái aðstoð til að setja sér framtíðaráætlun varðandi símenntun.

Margir aðilar geta aðstoðað einstaklinga og fyrirtæki við að gera framtíðaráætlanir um símenntun eða skipulagt fræðslustarf milli fyrirtækja í svipuðum rekstri. Má þar nefna fræðsluaðila, fræðslumiðstöðvar, aðila vinnumarkaðarins eða ráðgjafa á almennum markaði. Gera má ráð fyrir að í framtíðinni muni náms- og starfsráðgjöf færast í ríkari mæli á hendur sérhæfðra fyrirtækja og einstaklinga á því sviði. Með vaxandi skilningi á mikilvægi menntunar fyrir atvinnulíf og samfélag mun verða til starfsgrundvöllur fyrir fyrirtæki sem sérhæfa sig í því að veita einstaklingum og vinnustöðum leiðsögn og ráðgjöf í símenntun og aðstoða við áætlanir á því sviði.

Áherslur:

- Að auka ráðgjöf um námsval, starfsval og símenntunarmöguleika einstaklinga og fyrirtækja.
- Að stjórnvöld styðji við stofnun miðstöðva símenntunar.
- Að leggja sérstaka áherslu á upplýsingar og ráðgjöf fyrir þá sem hafa litla undirstöðumenntun og þá sem þurfa að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.
- Að nýta upplýsingatækni til að miðla upplýsingum um nám.

Tillögur:

- Mikilvægt er að stjórnvöld styðji við stofnun miðstöðva símenntunar með því að auðvelda framhaldsskólum að gerast þátttakendur í því starfi. Fjárhagslegur stuðningur stjórnvalda er þó ekki skilyrtur í lögum um framhaldsskóla, enda má ætla að miðstöðvar símenntunar geti staðið undir sér fjárhagslega.
- Nauðsynlegt er að frumkvæði að stofnun miðstöðva símenntunar komi frá heima-fólki á hverjum stað. Með því er best tryggt að starfsemin verði í samræmi við þarfir og kröfur íbúa og atvinnulífs á viðkomandi svæði.
- Framhaldsskólar á hverjum stað geta styrkt tengsl sín við atvinnulífið og aðra fræðsluaðila með því að efna til samstarfs um stofnun miðstöðva um símenntun.
- Hvetja þarf til að miðstöðvum símenntunar verði komið á fót á landsbyggðinni. Ætla má að slíkar miðstöðvar geti styrkt verulega fræðslustarf í dreifðum byggðum og tryggt íbúum og atvinnurekendum á staðnum fjölbreytt val um nám og þjálfun.
- Mikilvægt er að miðstöðvar símenntunar séu samstarfsverkefni skóla, atvinnulífs og sveitarfélaga á því landsvæði þar sem þær eru stofnaðar. Þannig verður til vettvangur þar sem þessir aðilar geta sameinast um upplýsingaöflun og ráðgjöf. Að auki skapast þannig ný tækifæri til að tengja saman þá starfsemi sem er til staðar og samnýta námsefni, námsaðstöðu og kennslukrafta.
- Fyrirtæki og stofnanir þurfa aukna ráðgjöf til að meta hvaða menntun og þjálfun starfsfólks getur nýst þeim sem best í rekstri vinnustaðarins. Miðstöðvar símenntunar, samtök aðila vinnumarkaðarins og fyrirtæki á almennum markaði geta boðið slíka þjónustu. Ætla má að bætt aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf um símenntun muni hvetja vinnustaði til að setja sér eigin símenntunaráætlanir.
- Lagt er til að einstaklingar eigi kost á náms- og starfsráðgjöf innan skólakerfisins, í fræðslumiðstöðvum ákveðinna starfsgreina, vinnumiðlunum, miðstöðvum símenntunar og hjá sérhæfðum fyrirtækjum og einstaklingum á almennum markaði.

- Lagt er til að gerð verði ítarleg könnun þar sem athugaðir eru helstu veikleikar og styrkleikar símenntunarkerfisins, en upplýsingum um stöðu símenntunar hér á landi er ábótavant. Slíkar upplýsingar gætu nýst sérstaklega vel í ráðgjöf og í allri ætlanagerð til að efla stöðu símenntunar hér á landi.
- Einkaaðilar og/eða hlutaðeigandi aðilar eru hvattir til að setja upp gagnabanka með upplýsingum um símenntun fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Slíkir gagnabankar nýtast öllum þeim sem koma að símenntun og auðveldar aðgengi að mikilvægum upplýsingum um framboð náms og námskeiða. Stjórnvöld eru hvött til að koma upplýsingum um menntun innan skólakerfisins inn í slíka gagnabanka.

3.8 Ný tækifæri fyrir tilstilli nýrrar tækni

Fyrir tilstilli nýrrar tækni skapast áður óþekkt tækifæri til að bæta aðgengi að símenntun. Með upplýsingatækni gefst þeim er veita símenntun kostur á að nýta aðstöðu, fjármagn og kennslukrafta betur en nú er. Upplýsingatækni getur einnig falið í sér ótal tækifæri fyrir fræðsluaðila, atvinnulíf og einstaklinga til að sníða nám enn frekar að þörfum hvers og eins.

Með því að efla fjarnám og sjálfsnám festist notkun upplýsingatækni enn frekar í sessi og auðveldar aðgengi fólks að símenntun, sérstaklega þess hóps sem annars ætti erfiðara með það, t.d. vegna starfa, búsetu, heimilisáðstæðna eða fötlunar. Þegar er hafið viðamikið starf hér á landi á þessi sviði, svo sem hjá Kennaraháskóla Íslands og Verkmenntaskólanum á Akureyri, og eru Íslendingar lengra komnir en nágrannaþjóðirnar á ýmsum sviðum fjarkennslu (Menntamálaráðuneytið, 1996a). Upplýsingatæknin skapar einnig ótal tækifæri fyrir fyrirtæki og atvinnulíf þar sem aðgengi að upplýsingum og þekkingu á sértækum sviðum mun verða betra en áður.

Stór hluti landsmanna hefur þegar aðgang að Netinu og má búast við að það nái inn á flest heimili í byrjun næstu aldar. Þá opnast enn fleiri tækifæri til að miðla upplýsingum. Þessi tækni krefst þess á sama tíma að fólk læri að nota hana. Almennt tölvulæsi er forsenda þess að sem flestir njóti góðs af þeim auknu tækifærum til menntunar sem þarna felast. Símenntun getur í því sambandi haft afgerandi áhrif.

Áherslur:

- Að efla tölvulæsi, sérstaklega meðal fullorðinna einstaklinga.
- Að nýta kosti upplýsingatækni á öllum sviðum símenntunar.

Tillögur:

- Nauðsynlegt er að þjálfarar nemendur í notkun upplýsingatækni á öllum skólastigum til að undirbúa einstaklinga undir framtíðina og þann veruleika sem þegar blasir við.
- Lagt er til að sérstaklega verði hugað að þörfum þeirra einstaklinga sem stunda nám í öldungadeildum og lögð áhersla á að efla tölvulæsi meðal fullorðinna.
- Mikilvægt er að aðgengi að tölvum sé gott, þannig að sem flestir sem ekki geta nýtt sér þessa tækni á eigin vinnustað eða heimili eigi þess kost annars staðar. Skólar þurfa að búa yfir öflugum tölvubúnaði og bjóða nemendum aðgang að tölvum, bæði í námi sínu og við almenna upplýsinga- og gagnaöflun.
- Almenningsbókasöfn ættu að gegna hlutverki þekkingarmiðstöðva fyrir almenning. Mikilvægt er að þau veiti almenningi aðgang að tölvum.
- Mikilvægt er að fræðsluáðilar innan skólakerfisins og á almennum markaði hugi að þeim tækifærum sem felast í tölvutækninni. Hún getur auðveldað aðgang almennings að símenntun og falið í sér hagkvæmni sem tryggir fleirum tækifæri til að afla sér menntunar. Slík hagkvæmni er ekki aðeins falin í rýmri möguleikum á að stunda nám á þeim tíma og við þær aðstæður sem hverjum og einum hentar, heldur má einnig ætla að kostnaður við símenntun minnki fyrir tilstilli upplýsingatækni og tryggi þannig að fleiri sjái sér fært að mennta sig allt lífið.
- Lagt er til að vinnustaðir skoði sérstaklega kosti upplýsingatækninnar varðandi símenntun starfsfólks. Áður óþekkt tækifæri til að færa menntun og þjálfun inn á vinnustaði opnast fyrir tilstilli þessarar nýju tækni og má ætla að kostnaður og erfiðleikar tengdir símenntun starfsfólks minnki.
- Fjarkennsla og miðlun fræðsluefnis t.d. í gegnum fjölmiðla er kostur til að ná til þess fólks sem ekki hefur tök á að stunda nám vegna búsetu, starfs, öldrunar, fötlunar eða af öðrum ástæðum.

HEIMILDIR

- Aðalnámskrá grunnskóla* (1989). Menntamálaráðuneytið.
- ASÍ (1996). *Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands árið 1996*. Reykjavík: ASÍ.
- Davis, N. (1996). Who participates in education and training? An overview at European level. *Vocational Training European Journal*. No. 8/9 Mai-December 1996/II/III.
- Bændaskólinn á Hvanneyri (1996). *Viðhorf bænda*. Reykjavík: Gallup.
- European Commission (1997). *Continuing Vocational Training: Europe, Japan and the United States of America*. Luxemburg: European Commission.
- European Commission (1994). *White Paper. The Learning Society*. Brussel: European Commission.
- Félagsmálaráðuneytið (1988). *Starfsmenntun í atvinnulífinu*. Erindi flutt á ráðstefnu í Borgartúni 6 í Reykjavík 28. nóv. 1987. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Félagsmálaráðuneytið (1995). *Skýrsla starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytisins fyrir árin 1992-1994*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Fjárlög fyrir árið 1998*.
- Framleiðnisjóður (1996). *Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 1996*.
- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (1997). *Starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 1998*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Gerður G. Óskarsdóttir (1995). *The Forgotten Half. Comparison of Dropouts and Graduates in their Early Work Experience. - The Icelandic Case* - Reykjavík: Social Science Research Institute and University Press, University of Iceland.
- Gylfi Kristinsson (1994). *Starfsmenntun í atvinnulífinu. Sveitarstjórnarmál 2. tbl.*
- Hagfræðistofnun (1997). *Menntun, mannaúður og framleiðni*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands (1996). *Landshagir*. Reykjavík: Hagskýrslur Íslands III, 39.
- Hagstofa Íslands (1997a). *Landshagir*. Reykjavík: Hagskýrslur Íslands III, 47.
- Hagstofa Íslands (1997b). *Vinumarkaðskönnun í nóvember 1997*.
- Hagstofa Íslands (1997c). *Neyslukönnun árið 1995*.

- IKEI (1997). *Training processes in SMEs. Practices, problems and requirements. European Report Ref. E/1224.* Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.
- Jón Torfi Jónasson (1988). *Könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um þátttöku fólks á starfsmenntanámskeiðum.*
- Jón Torfi Jónasson (1992a). *Þátttaka fólks í námskeiðum.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, unnið fyrir menntamálaráðuneytið.
- Jón Torfi Jónasson (1992b). *Vöxtur menntunar á Íslandi og tengsl hennar við atvinnulíf. Í Menntun og atvinnulíf.* Reykjavík: Sammennt.
- Jón Torfi Jónasson (1994). *Hver er tilgangurinn með fræðslu fullorðinna? Óbirt handrit.*
- Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (1992). *Námsferill í framhaldsskóla.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristjana Hafliðadóttir, Guðbjörg Einarsdóttir, Svandís Edda Ragnarsdóttir og Oddný Kristín Guðmundsdóttir (1997). *Viðhorfskönnun fyrir Rafiðnaðarskólann.* Reykjavík: Rafiðnaðarskólinn.
- Kristján Bragason (1996). *Starfsmenntun í atvinnulífinu fyrir launafólk utan löggiltra iðngreina.* Reykjavík: Samstarfsnefnd um starfsmenntun.
- Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997.
- Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995.
- Lög um leikskóla nr. 78/1994.
- Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 13/1997.
- Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992.
- Menntamálaráðuneytið (1996a). *Í krafti upplýsinga. Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni 1996-1999.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið (1996b). *Könnun á öldungadeildum framhaldsskóla. (Óbirt könnun).*
- Námsskrá framhaldsskóla (1990). Menntamálaráðuneytið.
- OECD (1997a). *Economic Surveys. Iceland 1997.* París: OECD.
- OECD (1997b). *Education at a Glance OECD Indicators 1997.* París: OECD.

- Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands (1997a). Upplýsingar um og greining á núverandi stöðu starfsmenntakerfisins á Íslandi og framkvæmd Leonardo da Vinci áætlunarinnar hér á landi. (Óbirt handrit á íslensku en gefið út á ensku). *Information on and analysis of the current situation of the vocational training system in Iceland and implementation of the Leonardo da Vinci programme in the country*. Reykjavík: Rannsóknþjónusta Háskólans.
- Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands (1997b). *Aðgengi að faglegri símenntun og þjálfun*. Reykjavík: Rannsóknþjónusta Háskólans.
- Reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279/1997. Menntamálaráðuneytið.
- Sammennt og VSÍ (1996). *Könnun á umfangi símenntunar í íslenskum fyrirtækjum 1995*. Reykjavík: Rannsóknþjónusta Háskólans.
- Soete, Look (1997). „Stefnumörkun stjórnvalda og mikilvægi þess að auka samspil almennra efnahagsaðgerða (macro) og aðgerða sem tengjast samkeppni fyrirtækja (micro)” í *Samkeppnishæfni atvinnulífs og þekkingarþjóðfélagið*, Reykjavík: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, bls. 12-13.
- Stefán Baldursson og Börkur Hansen (1992). Starfsmenntun í atvinnulífinu; umfang, mat og framtíðaráform. *Fréttabréf Sammenntar* 2(2).
- UNESCO (1996). *Nám: Nýting innri auðlinda*. Þýðing á 4. og 8. kafla í skýrslu til UNESCO frá alþjóðlegri nefnd um menntun á 21. öldinni. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- World Economic Forum (1996). *Global Competitiveness Report*.
- Þjóðhagsstofnun (1997). *Búskapur hins opinbera 1995-1996*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.

NOTKUN HUGTAKA

Aðilar vinnumarkaðarins

Samtök atvinnurekenda og launafólks á vinnumarkaði.

Atvinnulíf

Átt er við þá sem koma að skipulagningu á vinnumarkaði og standa að atvinnurekstri, þ.e. samtök atvinnurekenda og launafólks, fyrirtæki og stofnanir.

Formlegt nám

Nám sem stundað er innan skólakerfisins.

Fjarnám

Nám sem getur farið fram án þess að kennari og nemandi hittist, t.d. þannig að gögn (texti, hljóðefni, myndefni) berist með pósti, síma, bréfasíma, tölvuneti, útvarpi, sjónvarpi o.s.frv.

Fræðsluaðilar

Þeir sem bjóða nám eða námskeið hvort sem er innan sem utan hins opinbera skólakerfis. Þannig teljast fræðslustofnanir til fræðsluaðila, skólar, vinnustaðir sem standa sjálfir að fræðslu fyrir starfsfólk og einstaklingar sem halda námskeið.

Fræðsluáætlanir

Áætlanir sem miða að framtíðar skipulagningu á símenntun innan fyrirtækja eða áætlanir einstaklinga um símenntun.

Fræðslumarkaður

Heiti til að skilgreina alla þá símenntun sem er í boði utan skólakerfisins sem atvinnugrein.

Fræðslustefna fyrirtækja

Sú stefna sem fyrirtæki móta um símenntun til að auka þekkingu starfsfólks og samkeppnishæfni fyrirtækis með símenntun.

Óformlegt nám

Nám sem stundað er utan skólakerfisins.

Símenntun

Símenntun er heildarheiti yfir alla þá menntun sem einstaklingar sækja alla ævina og vísar í það að menntun lýkur aldrei heldur er ferli sem varir alla ævina. Einstaklingur aflar sér þekkingar og færni á yngri árum og sækir nám innan skólakerfisins í grunn-, framhalds- og háskóla. Hann getur gert þetta í einni samfellu eða með hléum, stundað vinnu, farið í nám á ný eða sótt nám jafnhliða starfi. Stór þáttur í símenntun er hvers konar endurmenntun í styttra eða lengra námi, margs konar viðbótarmenntun og tómstundanám. Einstaklingar stunda símenntun, læra allt lífið, í skóla og á vinnumarkaðinum.

Símenntun í atvinnulífi

Öll sú menntun, endurmenntun eða starfsþjálfun sem einstaklingur sækir til að auka hæfni sína og þekkingu á vinnumarkaði eða fyrir tiltekið starf.

Símenntunarpassi

Símenntunarpassi er einskonar skírteini sem einstaklingar eiga og þar eru skráðar upplýsingar um nám og námskeið sem þeir hafa sótt.

Sjálfsnám

Nám sem einstaklingur skipuleggur og stundar á eigin spýtur.

Skólakerfi

Með skólakerfi er átt við grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla sem reknir eru af ríki og sveitarfélögum. Leikskólastigið er fyrsta skólastigið en það er ekki til umfjöllunar í þessari skýrslu.

Starfsmenntun

Menntun og þjálfun fyrir starf eða störf á ákveðnu sviði, hvort sem hún fer fram í skóla, á námskeiðum eða á vinnustað.

Starfsmenntun í atvinnulífinu

Sjá símenntun í atvinnulífi.

Starfstengd símenntun

Sjá símenntun í atvinnulífi.

Tölvulæsi

Það að hafa einhverja hugmynd um hvernig tölvur vinna, hafa vald á nokkrum orðaforða um gagnavinnslu og geta notað tölvur sér til gagns. Tölvulæsi þarf ekki að fela í sér kunnáttu í forritun eða þekkingu á innviðum tölvunnar.

Upplýsingatækni

Það að beita viðeigandi tækni við upplýsingavinnslu. Með tækni er átt við tölvutækni, fjarskiptatækni og rafeindatækni.

Netið

Rökrænt net sem nær um allan heim og tengist ótal minni netum. Netið (Internet) notar samskiptareglurnar TCP/IP og með hjálp þeirra er hægt að koma á samskiptum milli allra tölva sem tengjast Netinu.

Vinnustaðamiðaðar námsáætlanir

Slíkar áætlanir miða að því að símenntun færist í auknum mæli inn á vinnustaðina sjálfa með tilstilli nýrrar tækni. Þannig geta fræðsluaðilar frekar tekið mið af fjarnámi og sjálfsnámi.

Öldungadeild

Í þessari skýrslu vísar öldungadeild annars vegar til þess náms á framhaldsskólastigi sem ætlað er fullorðnum sérstaklega og hins vegar til náms á háskólastigi sem kennt er fyrir utan hefðbundinn skólatíma og ætlað er fólki á vinnumarkaði.

VIÐAUKI

Greinargerð fulltrúa ASÍ, BSRB og BHM með skýrslu nefndarinnar